Ad Christur bue i oss fyrer Truna þeckest þar af, ad vier elskum hann, enn eingenn riettur Kiærleike til Guds kann ad finna stad i oss, ef Elskann til Heimsens utrimest ecke fra oss, og vier ecke af Alvoru leitum Guds framm yfer alla hlute. Þar fyrer skylde hvor eirn ga vel og vandlega ad innvortes grunne sijns Hiarta, hann skilde optlega higgia þar ad, til hvors hlutar hann hafe mesta Elsku, og epter hvoriu hann stunde allra hellst, hvort þad sie Gud, elle-

gar hann sialfur, edur ogso adrar Skepnur, Lyfed eda Daudenn. Og hvad hans Hiarta og Salu hafe allra mest innteked, og epter hvorju hans Girnd, List, og Epterlangan mest stunde: thvi sie thad hid hellsta sem thu ellskar, og sæker epter, sem thitt Hiarta hefur Gyrnd og Epterlangan til, og thu hefur sierdeiles Hvylld og Roseme i, annad enn Gud sialfur alleina, og hans Ryke, tha kemur Gud ecke i thyna Salu, og vill aldeiles ecke bua thar inne: og thott thu grater so morgum Tarum, sem Droparner eru i Hafenu, tha stodar thad thig tho ecke, thu hlytur aungvu ad sydur ad missa hann ætid og eilyflega, utann thu faer adra Gedsmune, og hafer ecke neitt so kiært, sem Gud, hvorke a Himne nie Jordu. O! thier aumu og vesælu Manneskiur, hvad giore thier tho annars, thvi late thier Spilling theirrar folsku og svikfomu Natturu draga ydur so illa a talar fyrer Elsku til skapadra Skepna, og intaka thannig Grunn ydar Salar, hvar Gud skylde alleina bua? Siaed ydur tho vel fyrer, og faed annad Sinneßlag. Thess vegna erum vier i Heimenum, ad vier framar ollum hlutum leitum Guds Rykes, og hans Riettlætis, og komum aptur til Guds, og verdum eitt med honum, med theim hætte, ad vier dey-

deyum fra vorum eigenn Vilia, og afneitum Heimenum, og skopudum skepnum; uppa það vier med það sydsta kunnum ad komast aptur, til vorrar fyrstu Natar og Uppsrettu: og lyka sem Lykamenn verdur grafenn i Jordunne, og af henne medtekenn, eins mætte Salenn af Gude medtekenn verda, komast iñ til hans oendanlega Guddoms og lifa hia honum eilyflega. Ef ad vier forsomum það, a medann vier erum hier i Heime, so er það forsomad um alla eilyfd; þvi það sem Manne verdur nu til Glede eda hrigdar, epter þvi hinu sama verdur hann þa dæmdur: leitum vier Guds hier framm yfer alla hlute, og af insta Hiartans Grunne / þa munum vier hann vissulega finna, og hann mun ad vijsu hia oss bua. Værer þu Manneskia ad eins fry, og lidug (Laus) fra Bylætum skapadra Skepna, þa skillder þu an aflats fa ad niota Guds og bua i honum. Eckert a Himne eda Jordu munde tesia fyrer Gude, so ad hann kiæme ecke vissulega til þyn, og uppfillte þig, ef hann ad eins finde þig Lausa og liduga, fra Elsku Heimsens og skapadra Skepna, þar fyrer, hvornenn sem þu snyr þier, eda billter þier um, þa stendur það þo alltyd stodugt, ad so leinge, sem elska til Skepnanna og

Heim-

Heimsens, hefur yferhond i þier, so leinge hlytur þu ad missa Gud. Því ad somiklu leite, sem Manneskiann leitar epter Roseme, og fullnægiu i skopudum Skiepnum, so leinge skilur hun sig sialf fra Gude. Það er þungt ad dempa i sier Elsku til Heimsens, og skapadra Skiepna; enn Madurenn hlytur þo endelega það ad giora vilie hann hafa Hlutdeilld i Gude, því med Liste seme og godum dogum kemst madur ecke til Guds, helldur med motlæte og hormungum.

Cap. IX.

Hvornenn ad ein sonn og lifande Tru utryme af Mansens Hiarta, Elsku til Heimsens, og skapadra Skepna, sem og eirnenn þau Yferrad, sem Reide Obolenmæde, og adrar þvilykar rangsnunar Tilhneigingar plaga ad hafa i Mannenum.

Giorn. B. 15. v. 9. Gud hreinsar Hiotun fyrer Truna?

Það er sa rette Truarennar Eigenlegleike ad hun hreinsar Hiartad. Enn af hverju hrein-

hreinsar Truenn Hiartad, og hvad utrymer hun padann? Heimenn og Gyrnd til alls pess, sem er Jardneskt, fanytt og forgeingelegt. Ja allt pad vid hvort Mansens Nattura hanger med synum Gyrndum og Tilhneigingum, i hverju hun hefur alla sijna Unun og Roseme, so sem er Rykdomur pessa Heims, Metord, og Vellistingar. Truen helldur sier aleina vid pad osynelega og eilyfa, og hefur sijna Hvilld og Roseme par i, og pegar pad er komed sinn veg i burtu, sem giorde Hiartanu Hindrun i pvi ad niota Guds, pa sameinest Hiartad vid Gud: pviad lykur sæker lykann heim, og teinger sig giarnann vid hann, enn ecke vid olykann. Gud er sa Kraptur, sem hefur syfellda Ydiu, og hvar hann finnur eina Verkstofu* auda, par framkvæmer hann af sinne Miskunseme pa Giorninga, sem pad auma og vesæla Hiarta vid parf, er hann bidur, og ad honum hænest; par fyrer seiger vor Herra i Gudspiallenu til pess auma; Þijn Tru giorde þig hialplegann Matth. 15. Item; verde þier, sem þu villt. Ecke er pad Meiningenn, ad Truenn sialf hafe pann Krapt i sier, helldur ad hun hreinse Hiortun, so pau gefe sig Gude olldunges a valld og giore sig laus og lidug fra ollu pvi sem ecke er Gud, uppa pad Gud

kunne

kunne i peim ad erfida, og hafa pau fyrer sijna Verkstofu.

Hvar fyrer kunne vor HErra JEsus ecke ad giora nein krapta-verk i Nazareth, pviad hann fann par ecke soddann hiortu, i hvorium hans guddoms Kraptur kinne ad verka.

Skule Gud fa Rum i Mannsens Hiarta, pa ma Skiepnann vykia i burtu (a) annars hindrar pad eina fyrer hinu odru.

Eingenn kann so innelega og alvarlega, ad gyrnast Hialp Drottens, ad Gud sie ecke pusundsinnum framar reidubuenn til ad hialpa honum, par sem Madurenn ad einns helldur sier til hans af insta Hiartans Grunne, og gefur sig honum alldeiles a vallld.

Lyka sem Gud uppfyller giarnann soddann eins Mans Hiarta med Liose og Hugsvolun so uppliptest pvijlikt eitt Hiarta audvelldlega til Guds, ja, pad hlytur til Guds ad upphefiast, lyka sem Elldurenn ma endelega verma edur breña, Liosed ma endelege skyna edur lysa. Par finnur pa GUd sitt retta Handverks Platz, til ad framkvæma pad, sem honum er pægelegt, so sem hann fann i vorum Herra JEsu Christo

(a) Hier verdur ecke talad um pær guddomlegu Gafur, og hvad gott Gud i oss verkar, helldur umm pa Hlute, sem draga oss fra Gude.

sto, soddann eirn Verkstad og Velpockan; þvi ecke þocknast Gude þeir Giorningar, hvorra Upphaf og Ender hann er ecke sialfur.

Og þar sem GUD hefur nu so stora Elsku til Mannanna, og þvilyka Epterlangan til ad framkvæma sitt Verk, og Erfide i þeim, þa eru ecke hans Augu langt fra oss, og hañ er langtum fusare til at gefa Mannenum, og giora honum til goda, enn Madurenn er til ad gyrnast og medtaka þad goda. Enn forsoma þu ecke mitt Barn Nadarennar Tyma, þvi þegar þesse Nadarennar Tyme er umlideñ, mun hvor og eirn uppbera Launenn, epter þvi sem hann hefur hier lifad, og Gyrnder hans Hiarta hafa vered, hvort helldur þær hafa vered til gods, eda ills til Guds, eda skapadra Skepna. Þott aller Guds Heilager villdu bidia Gud fyrer eina Manneskiu, epter þad Nadarennar Tyme hefur enda; Ja þo þeir villdu bidia med blodugum Tarum, þa kinne þad þo alldeiles ecke neitt henne ad hialpa, og munde hennar stand þar med hvorke verda betra nie verra, þvi hvor eirn Madur mun uppbera Avoxtenn af þvi, epter Lyfed, til hvors hans Hiarta hefur hellst hneigt vered, hier i Heime, og vid hvort hann hefur hier sierdeiles samteingdur vered.

Lyka

Lyka sem ein sonn og lifandi Tru hreinsar Hiartad af Heimsens Elsku, so hreinsar hun þad og eirnenn af ödrum þvilijkum rangsnunum Gyrndum, og Tilhneigingum, so sem Reide og Opoleſnmæde, og gefur ecke epter þvilykum vondum Gyrndum, ad drottna og hafa Yferhönd yfer Mannenum: hun plantar þar a mot i honum, Hogværd og Polenmæde vid Naungann. Þvi Gud kann eckert annad ad verka og framkvæma i Hiortum truadra Manna, enn þad sem honum er af Natturunne eigenlegt; Nu er Gud Kiærleikurenn, Hogværdenn og Polenmædenn, so sem vier siaum a vorum Herra JEſu Christo. Guds Kiærleike breideſt ut yfer allar Manneſkiur og miſkunar sig yfer alla, þar fyrer verkar hann og framkvæmer og so i þeim truudu soddann Elsku til Mannanna, er aungvann utelikur hvorke vin nie övin, og vill öllum Monnum vel. Sa Kiærleike gledur sig og eirnenn yfer öllu þvi hinu goda, sem Gud veiter Monnunum; og sierdeiles yfer margfolldum gafum Christi Lima.

Lyka sem eirn Limur a vorum Lykama hefur gott af hinum ödrum, og sa eine þienar ödrum til hins besta, og er honum til goda; so byriar og hvorium einum Lim a Christi and-

andlegum Lykama, ad vera odrum til gagns og goda, og ad gledia sig yfer annars Velferd, og nær vier vitum ad nockur Christi Limur, er ypparlegre, enn vier sialfer, þa skulum vier elska hann langtum framar, enn oss sialfa, og gledia oss ad þvi leite meir yfer þeim hinum sama; sem hann hefur odlast ypparlegre Gafur af sijnu edalborna Hofde Herranum Jesu Christo: þvi soddann Gafur eru alls Lykamanns sameigenleg Giærde, er fliota nidur til vor, af voru sameigenlegu Hofde Herranum Christo, og verdum fyrer Truna og indbyrdes Kiærleika aller þeirra hluttakande. allar þær Gafur, sem Gud hefur lient einum fromum og gudhræddum Manne, eru mijnar lyka sem hans, þegar eg annars elska þær i Gude, þvi Kiærleike þess hins truada gisrer þær ad mynum eigenn Gafum, og med soddann mote verd eg i Gude andlega rykur, og hefe samfielag med ollum Guds Astvinum a Himne og a Jordu, i ollum godum hlutum fyrer Safnadarens hofud Herrann Jesum Christum. Hvad hellst þessu Hofdenu tilheirer i sijnum Limum a Himne og Jordu, so sem eru heilager Einglar og Menn, þad verdur allt samann verulega og i Raun riettre mitt. Af þessare hiartanlegre Elsku utspret-

tur og eirnenn Polenmædenn, so ad Madurenn umber vilunglega, allann Kross og Motlætingar, so sem Underbuning til eirnar sierdeiles haleitrar Guds Nadar. Pvi eingenn Kross, Hermung, eda motlæte fellur so einum til, ad ein sierdeiles Nad Guds, sem pad uppa leggur, filge par ecke med. Par fyrer sagde eirn Heilagur Madur: vertu velkomenn pu beiske og under eins nadarfulle Kross. Og S. Petur seiger, 1 Pet. 2. Pad er Nad, ef nockur fyrer Samvitsinnar saker til Guds poler hid illa og lydur hid oretta. Ef Madur, fyrer Christi Skulld, medtekur sin Kross, Hermung og Motlæte med liufum Vilia, pad afrekar honum med pad sydsta, stora Glede og Frid. Sa sem med polenmæde og fyrer utann allt Mogl og Murr, tekur a moteperre Hermung og Motlæte, sem Gud honum tilsendir, og umber hana vel, vegna pess Kiærleika, sem hann hefur til Christum, hann mun umsyder urbytum bera innelegann Salarennar Fognud og Glede, jafnvel pott hans Hiarta, kunne ad vera par af um stund og tyma hardlega klemt og kramed. Pvi sa sem i Sorg, og Preingingum gefur sig alldeiles under Guds Vilia, hans Traust og Fridur mun sialfur Gud vm sider vera,

pesse

þesse Fridur er medriettu / ein guddomleg Clenodia og soddann eirn Sætleike sem eingenn þecker / nema sa sem hans nytur og hann smackar: eirn þvilijkur Fridur / sem ecke kann ad utseigiast; Ja / umm hvorn ecke kann nogsamlega þeinkt ad vera. Þvi hann er hærre enn oll Mannleg Skinseme / so sem S. Paall vottar. Phil. 4. v. 7.

Cap. X.

Hvornenn ad Natturunnar Lios i oss eige ad ganga Nidur / uppa þad Nadarennar Lios afftur a mot kunne i oss ad vaxa og þroast.

2 Cor. 4. v. 6.

Gud sem band Liosenu ur Myrkronum ad skyna / gaf eitt klart Skin i vor Hiortu.

So leinge sem Lios Natturunnar (a) helldur Mansens Salu i Fangelse / so leinge

(a) Natturunnar Lios er Skinsemen; og Vitskunnar natturleger Kraptar, sem kallast eitt Lios, af þvi þad hefur i sier Visdom edur Skinseme, og þa helldur letta Natturunnar Lios Salunne faugnre, þegar þesser naturlegu Kraptar vilia, i þeim hlutum, sem heira til Trunne,

og

kann ecke Lios Nadarennar hana ad upplysa þarfyrer, Skule Nadarennar Lios skyna og up-

og Guds Otta, vera nockud i sier sialfum, v: la rada sier sialfer, og ecke lata Nadarennar Lios, og Guds Ord alleina rada, helldur vilia filgia sijnum eigenn forna, og þa kann Nadarennar Lios, ecke ad skina i Saalme, vi vier af oss Sialfum til kunnum ecke nockud gott ad gin-kia, so sem af oss sialfum, hvad Holdsed skinnar, er fiandskapur i gegn Gude, og sa natturlege Madur, skilur ecke neitt af þvi, sem Guds Anda tilheirer, þad er fyrer o-nnum Favitska, og hann kann þad ecke ad grijpa seiger Ste. Paall. Hier af kiemur þa: eirnenn, ad vi vitrare sem eirn er epter Holdenu og skinsemenne, þvi framar er hann af Naturunne ohæfelegur til Guds Rykes, so ad Christur þess vegna seiger; Matth. 11. at Gud hafe duled sitt Rijke fyrer Spekingum og forvitringum, og o-penberad þad Ungbornum, hann seiger og aptur i odrum stad, ad sa sem ecke medtake Guds Ryke, sem eitt Ungbarn, hann kunne ecke ad komast þar in. Marc. 10. v. 15. Og Paall kiemst so ad Orde 1 Cor. 1 Hvar eru þeir Skriptlærdu? Hvar eru Verallder Vitringar? Hefur Gud ecke giort Speke Heims þessa ad Heimsku? Skule Nadarennar Lios upprenna i Saalume, þa ma Natturunnar, og Skinsemennar Lios ganga nidur, og vera under Nadarennar Liose, og lata sig af þvi fræda og skornast, so ad Madurenn epter þvi sem Paall seiger 2 Cor. 10. nidurslær og briitur Skinsemenar Hervirke og uppaslatt, og alla þa Hæd sem sig upphefur i gegn Guds Dome, og tekur ad Herfanga alla Skinseme under Trunarennar Hlydne.

upprenna i Salunne, þa ma þad natturlega Lios ganga nidur, þvi Nadarennar Lios yfergeingur alla Skinseme og Forstand og fær einasta hindrun af holldlegre Skinseme og Vitsmunum: Natturlegur madur kann eckert ad utrietta i gudomlegum hlutum. Annars geingur Nadarennar Lios epter sijnum veniulegum hætte og mata þannig upp i Salunne. Gud hefur eitt Nadarennar Ord, þad lætur hann Monnum kunngisra, og verkar

Natturunnar Lios hlytur i soddan Tilferle ad setiast alldeiles til sydu, i þann mata, ad vier holldum oss af Natturunne til, i þeim sokum, sem Trunne vidkoma, blinda, so sem vier erum og eirnenn i samleika, og ad vier kunnum ecke adskilia neitt i þvi, af oss sialfum til, og reikunum allann vorn natturlegann Viisdom i þeim hlutum, sem Guds ryke ahrœra fyrer einsamla Favitsku, so sem Paall og eirnen radleggur oss, þar hann seiger: 1 Cor. 3. v. 16, 19. Hvor hann lætur sier þikia, ad hann sie Vijs i þessum Heime, hann verde sem eirn Dare, so ad hann mætte vitne verda, þvi þessa Heims Speke er Heimska fyrer Gude, þar fyrer seiger hann og so i odrum stad, 1 Cor. 2. v, 5. ad vor Tru skule ecke grundvallast a Mannlegre Skinseme, helldur Guds Krapte, þar uppa var þad og ein fyrermynd au, þegar Gud villde openbera sig fyrer Salomone, þa vard Mustered fullt af Sky og Poku, so ad Menn kunnu ecke ad sia þar neitt med lykamlegum Augum, eins lyka, þegar Gud sagde, ad hann vilde bua i Dijmmunne so sem þar stendur. 1 Kong: Bok. 8. v. 12.

fyrer pad sama; pad Ord er og eirnenn Lyf og Ande. Og po ad Gud sie i ollum hlutum med sijnum Krapte, Verkan, Framkvæmd og Lyfe, pa hefur hann po ecke neinstadar sitt sierdeiles eiged Handverks Plats, til at upptendra i sitt Nadar Lios, og framkvæma verkaner sinnar Nadar, utann i Mannsens Salu; parfyrer kann ecke guddomlegt Lios og Upphysing Salarennar, ad koma annarstadar fra, hvørke af Skinsemenne, nie nockrum odrum Natturlegum Krapte, helldur einasta af Guds Nadar Verkun i Mansins Salu fyrer Orded: par af framflytur oll Salarennar Huggun og Fridur, allur Sannleike, oll Vitska, og Lyf, hvar i mot allt annad, sem er fyrer utann orded, og pad sem mannleg Vitska og Skinseme fær af utvortis hlutum, og med annad slag numed, pad burt-visnar allt saman, og er so sem Hisme, og Agner pær, er aungvann Avoxt af sier gefa.

Aungvar adrar synelegar Guds Skiepnur kunna pessarar upplysingar hluttakande ad verda, utann Mennerner, pviad adrar synelegar Skepnur. eru ecke Guds Jminder, so sem Mennerner eru: sijna Jmind pryder Gud og fegrar alleina med Liose, Vitsku, og Nad. Af pessu Liose fær Saglenn aptur sijna rietta and-

andlegu Krapta, sem er sijna Skinseme Vijsdom og Forstand, sem hun annars ecke hefur: Vilienn hefur pa og eirnenn so hreinann og sætann Smeck, af peirre guddomlegu Elsku, ad soddann ein upplyst Sal fær leida og Vidbiod a ollu pvi, sem ecke er guddomlegt. Par af kvikna og eirnenn Hræringar og hneigingar til pess hins goda, sem pu vel formerker ad komi innann fra i Hiartad / enn ecke fra nockre skapadre Skepnu. Ad vijsu kuña Skepnurnar ad hneigia oss til Listeseme, til Forundrunar, og Glede, en pad er allt einasta natturlegt, og fyrer utann Salarennar Grunn; enn fyrer pa guddomlegu Upplysing, og Lios Nadarennar, hræreſt, og viknar pad insta Grunn Salarennar, framm yfer alla Skynseme, Skilning, og Sinne, og pvi meir sem pu verdur laus og lidugur vid Skepnurnar; pvi optar og klarlegar verdur pu var vid petta Lios, og pennan Saunleika i pier.

Af pessu Liose Guds Orda kiemur Pecking Sannleikans, og par pvert a mote, er pad upprune til alls Villudoms, ad Madurenn yfergefur petta Lios, og snyr sier til einhvers annars. Sannleikurenn er fastur vid Guds Ord hid innra i Salarennar Filsnum, og kemur ecke neinstadar annarstadar fra.

Af þessu Salarennar Liose kviknar opt og oftialldann soddann eitt fagurt Skin og Glanse; þad er; soddann ein klar Þecking og Vijsdomur, ad ein Manneskia veit og skilur med soddann mote meira, enn nockur kynne honum ad undervijsa, og sa sem verdur var vid þetta guddomlega Lios i sier, jafnvel ecke nema vm eitt Augnablik, hann verdur þar af so gladur og hughraustur, ad sa fognudur og su Kiæte, yfergeingur þusundsinnum allann þann Fognud, Glede, og Hugsvolun, sem allur Heimurenn kinne einum ad færa. I tillite til soddann, seiger sa Konunglege Spamadur David Ps. 119. v. 98. Medur þijnu Bodorde giorer þu mig Hignare enn myner Ovinner eru, þvi eilijfflegana þa er þad mine Fiesiodur. Jeg er Lærdare, enn aller myner Lærefedur. Jeg er skinsamare enn Øldungarner, þviad og hellde þinar Skipaner, þitt Ord giorer mig Forsialann, þar fyrer hata eg alla falska Vegu. Uppa þennann Grudvoll bigger hann allann þann langorda Psalm, og bidur þar um, ad þad guddomlega Lios meige i honum skyna, og ad Guds Ord meige tala i honum, og ad hann fyrer Otta Drottens, og med þvi mote hann halide Guds Bodord, meige vyhallda i sier þessum Fiesiod, og hann aungvannvegenn missa: og þar fyrer er Guds edla Ord honum

Kiæ-

Kiærara, enn mørg þusund Sticke Gulls og Sylfurs. Stuttlega ad seigia, þegar Salenn finnur i sier þennann haleita Goda, og þennañ himneska Dyrgrip, þa reiknar hun allt Heimsens Gots, og Herlegheit fyrer Preck, og seiger med Kongenum Salomon i Prædikarans Bokar 1 Cap. v. 2. Það er allt samann vlldungis Hiegome, med þvi þetta Lios kann nu ecke ad skyna i þeim ogudlegu, þvi hvada hlutdeild hefur Liosed vid Myrkred, seiger Paall 2 Cor. 6. v. 14. Og þetta Liosed er Salarennar ædste Fiesiodur; þa bidur hinn Heilage David i Ps. 119. v. 18, 34. so innelega og alvarlega med so furdanlegre malsnille, ordagnægd og vigtugleika, ad GUd vilie vardveita hann fra Syndarennar Myrkrum, og hallda honum vid Magt i sijnum Otta og i sijnu Orde. Þetta Nadarennar Lios er so yferburda miked og fullt af Godgyrne, ad það strialar sijnum geislum i Hiortu þeirra ogudlegu, (b) og varar þa vid þeirra Olucku og

(b) Gud sender og eirnenn stundum Skymu eda leiptran vjdur i Hiortu þeirra ogudlegu, af sinne fedurlegre Elsku, og varar þa hid innra vid þeirra Fordiorfun so sem dæmenn og reinslan syner. Margur hvor lifer i sijnu Hirduleise Andvaralaus, og aktar aungva utvortis Advorun; enn, GUd sialfur skytur eirnre hardre Leiptran vidur

Fordiorfun; pad skyn par optlega sem Livsed i Myrkrenu, jafnvel þo Mirkurenn fae pad ecke hondlad, epter þvi sem par stendur hia Johannem i fyrsta. Cap. Eñ ad petta Lios rammar ecke, nie snerter pad innsta Grunn Salarennar, kemur af þvi, ad Salarinnar Kraptar eru adskillder og formirckvader fyrer Syndena, og orolegar Tilhneigingar, þvi hvar Syndenn drottnar, par er eingenn Vijsdomur, og eingenn Rosemi; par Eyrad vill heira alla hlute, Augad vill sia alla hlute, Hiartad vill peinkia um alla hlute, og par er ecke utann ein oroleg og utdreifd Sal med synum Kroptum. Enn petta Lios utheimter pad, ad Synden skule dempast, og Stormvedur peirra vondu, og oskickanlegu Tilhneiginga stillast; og ad Madurenn verde þa upplystur i Hiartans innvortis Hvylld og Rosemi; og ad hans Sinne, Skinseme, Forstand, Vilie og Mine, kunne þa innilega ad hreinsast i Salarennar Grunne, þa heirer Madurenn odruvys enn til forna, talar odruvys enn adur; og eru pad þa ecke sliett, og liettvæg Ord, helldur kroptug Ord Andans. Þa skodar su upplysta Sal i Anda-

nidur i hans Hiarta og klemmer hann i hans Samvitsku, og kemur honum til ad peckia sitt ogudelegt framm ferde, so ad Samvitskann verdur þar af hrædd og skielfd.

danum Guds Vegsemd, og andvarpar epter honum seigiande: Æ Drottenn þu ert fyrer mijnum Augum sa allra dægelegaste, fyrer mijnum Eijrum, sa allra lijflegaste, fyrer mijnum Munne, sa allra sætaste, og i mijnu Hiarta sa allra elskulegaste, þa eru Mansens Verk, ecke hans eigenn, helldur Guds Verk i honum, sem ad eru langtum ædre og ypparlegre enn Verk nockrar skapadrar Skiepnu, þvi ad so miklu leite, sem GUd er ædre og ypparlegre, enn allar Skepnur, ad so miklu leite eru hans Verk ædre og betre enn allra skapadra Skiepna, þar fyrer er og eirnenn vor Sal þa langtum farsællegre, þegar hun gefur þad epter, ad GUd erfide i henne, og hun lætur GUd verka i sier, helldur enn þegar hun sialf framkvæmer sijn eigenn Verk, þvi med soddann mote verkar Salenn i ollum fyrertektum eckert utann i Gude og af Gude.

Cap. XI.

Ad GUd sie alleina Salarennar Lios, og late sinn Lioma skijna i Christi legum Dygdum, og godum Verkum vid Raungann, sierdeles i þvi sem Madur dæmer um sinn Raunga.

1 Joh. 1.

1 Joh. 1, v. 5.

GUd er Lios og pad er eckert Myrkur i honum.

GUd sialfur er pad hædsta, hreinasta, sma-smuglegasta; skiærasta, og dægelegasta Lios, hann hefur eina oseigianlega, stora Elsku a Mansens Salu, so hann upplyse hana, og giore eitt med sier; Enn hann fær Hindrun af Myrkrunum, hvor Madurenn elskar framar enn Liosed. Joh. 1. v. 5. og 3. v. 19. Enn Mirkur Salarennar er Syndenn, po sierdeiles Vantruenn/ Elska til Heimsens, og sialfs Elska, sem hindrar GUd, og hans edla guddomlegu Verk i Mannenum, skule nu Salenn fa og odlast pad guddomlega Lios pa ma hun ecke gisra sig sialfa dimma, med Agyrne, med Reidi med sialfs Elsku, med Drambseme, med holds Vellijstingum, pvi ad soddann hluter eru pau Myrkur, i hvorium pessa Heims GUds Drottnar. 2 Cor. 4. v. 4.

Madurenn skal sla sier fra ollu pvi sem ecke er GUd; afneita sier sialfum og ollum skopudum Skiepnum (a) pad er ad asseigia allt pad sem Madurenn a, epter pvi sem sagt verdur hia Lucam i 14 Cap. v. 33. Soddann Manneskiu smae-

(a) Ad peim einasta undantecknum, sem GUd hefur fyrer ætlad, ad skulldu vera sijn Verkfære i Endurfædingime, so sem Vatned i Skyrnene, og annad pvi umlyke.

smackast GUd vel framar ollu odru, og eingenn Hlutur annar. Og su Manneskia verdur riettelega upplyst i Sannleika, og pegar hun umgeingst med pessum Heime, pa brukar hun alla Hlute i audmiukre Ottaseme, og bijr helldur Grunne sinnar Salar, hreinu fra skapudum Skepnum, og fra Heimenum, og verdur pess vegna innvortis af Gude upplijst, pvi pad ma allt fra innannverdu framfliota af Gude. (b) Og petta innvortis Lios lyser og eirnenn

(b) GUd utretter ecke sijn Verk fyrer utann Mannienn, helldur byr hann sialfur i sijnum truudum, og framkvæmur sijn Nadar Verk i peim, par fyrer kiemur Upplijsingenn hier innann fra, pviad hun utflytur af Gude, sem bijr i peim. Ad vijsu a GUds Ord predikad, og heirt ad verda; og med soddann mote ad framberast fyrer oss hiditra; enn so leinge sem pad verdur ecke i lykann mata medteked og rotfest i Hiartanu, pa kann Madurenn ecke fyrer pad upplijstur ad verda Luc. 8 og Rom 10. Par fyrer uppsprettur Upplysingenn, ja aller Andans Averter innvortis, pvi peir koma af Ordenu, sem vardveitest i vorum Hiortum. Hiartad er pad sierdeiles, sem a ad umbreitast umvendast og forbetrast; og nær pad skedur, pa verda og eirnenn oll utvortis Verk Gude pægeleg. Vier verdum ad fa nytt Sinneslag nija Skinsemi, nija Gedsmuna nijar Listingar Panka og Tilheigingar i Hiartanu, og pa ma allt vort Framferde og oll GUds Pionkan fram flioa inann fra af soddann einn Hiartans Grunne, skule GUd annars hafa sijna Velpoknan par a, Vanijus

nenn utvortis i Verkunum, og hvad pu gioreR eda talar, eda lydur, pad er po ecke ad ollu leiti pitt, edur pinnar Natturu, helldur er pad Guds, hvorium pu hefur pig offrad. Pvi Gud er Hofud-ordsokenn, enn pu ecke nema so sem eitt Medal, edur Verkfære Guds, so sem hanns Handverks-Smidia. Hvorium heirer sierdeiles til eitt Verk, nema peim sem pad sierdeiles framkvæmer? Til hvors sem Gud pig pa hneiger, hvort helldur pad er heilog Tilhneiging, gudlegur Panke, Bæn, edur Packlæte, pad er allt samann hans sierdeiles, enn ecke pitt, par fyrer skalltu lata Gud verka i pier, og hafa sinn vilia i pier; so gioRer pu hvad eitt i honum, og hann i pier: pad hlytur allt samann ad koma fra Gude og gioraST i Gude, so ad vier i honum lifum og utrettum alla hlute. Pad allra minsta sem af Gude gioreST, er betra enn oll Verk skapadra Skiepna. Fra Gude koma aller retteleger Mannkoster, pvi Dygdenn er eingenn Dygd, nema hun kome fra Gude, framkvæmeST fyrer Gud, snue sier til Guds, og sie i Gude. Pvi stærre Epterlangan sem pu hefur til Skiepnanna, og Elsku til Heimsens, pess leingra er Gud fra pier: enn pvi nalægre sem Gud er pier, i insta Grunne pinnar Salar, pvi framar liomar

hanns

hanns Elska og Miskunseme i pijnum Verkum til pijns Naunga, Vor allra kiæraste Herra Jesus Christur seiger. Jeg er Heimsens Ljos, Joh. 8. v. 12. par fyrer skulum vier i sønnum Kiærleika hallda oss til hanns, og verdum vier pa i honum upplyster, og pa skijna og eirnenn vor Verk, so sem eitt Ljos i Myrkrenu a mote vorum Naunga i Polennmæde, i Hogværd, i Audmykt, i Hugsvølun, i Medaumkan, i Hialp og adstod, so og eirnenn i kiærleiks fullum Dome og urskurde um hans athafner. Af þvi ad Madurenn dæmer um sinn Naunga, af Siergiæde, og Framhleipne, þa fær hann ofmikla Elsku, og Velþoknan a stalfum sier; hann kveiker i sier uppblasenn Hofmod, og foragt til annara, sem ad er ein vond Rot til margra Synda, og Diofulsens eiged Sæde og Uppasinding; Hvar soddan hefur Yferhond, þar er ecke H. Ande med sijnu Ljose. Sa Madur hvors Hiarta ad H. Ande stiornar, dæmer ecke sinn Naunga, fyrr enn þar er full Naudsin til, giorer þad og eirnenn med lempe, og Hogværd og þad a riettum tijma, uppa þad hann giore ecke Naunganum meire Skada, enn Gagn: lækne ecke so eitt Sar, ad hann sie þar med Ordsok til annara tiju. Þeir sem ordsakalaust dæma illa um sinn Naunga, og hafa

list

list til þess ad baktala Folk og sína sitt ad hverium, þeir eru so sem Eytur ormar kviknader ut af þeim gamla Høggorme Diøflenum, sem hefur smeigt sier inn i þeirra Hiarta, og uthellt sijnu Eytre i þa, og þeirre Diøfulsens Forgipt spya þeir ut med því ad baktala Naungann, þeir þeckia ecke sialfa sig enn villa þo dæma adra. O þu Manneskia drag fyrst ut Bialkann ur þynu Auga, og sladu þa so til, ad þu faer utdreiged Flugnena ur þyns Brodurs Auga. Matt. 7. v. 5. Þu hefur nog med ad dæma um þijna eigen Vondsku, og Ogudlegleika, og þarft ecke þess med ad giora þier so mikla Þanka um adra. Það falska Lios sem er i þier, prettar þig, og brijst ut i Hofmod, sialfs Þotta, eiged Hros og Forsogtun annara. Þar fyrer er það ecke GUds Lios, edur eitt sannarlegt Lios, sem i þier er, helldur er það Sathans Mirkur. Sa sem hefur það sanna guddomlega Lios i sier, hann lytelæckar sig sialfann, reiknar sialfann sig audvirdelegann, lætur ecke miked yfer sier hid itra, helldur leitar epter því innvortis Grunne, ut af hverju slykt Lios er komed og upprunned, sem er GUd sialfur; þangad flyter hann sier med ollum sijnum Kreptum, og þikest vera sialfur hinn lakaste, slæmaste, aumaste, blindaste, og favijsaste, a medal allra,

þui hann a nockud þad, sem er langtum betra, eñ hañ er sialfur, nefnelega GUD, hañ kannast vel vid þad, ad hann er ecke neitt af sialfum sier, skodadu þessvegna minn Vin, framar ollum hlutum sialfann þig, enn ecke adra, gefdu framar giætur ad þijnum eigenn Syndum, enn annara Manna, uppa þad þu hrokker þier ecke upp yfer adra, og meiner ad þu siert betre en þeir, og gierer þig ad annars Domara, hvar med þu skadar sialfann þig. Vilier þu, ad þad skule ganga vel til fyrer þier, þa snudu þier sierdeilis ad sialfum þier, og giættu ad, hvert þu finnur ecke soddann vidlyk Feil og breste hia sialfum þier, sem hinum odrum, og hvert þu hafer ecke drygt annad þvilykt, annad hvort til forna, eda fremier þad nu. Finner þu nu soddann hia sialfum þier, þa avijta hu fyrst og dæm sialfann þig, og sia sydann so til, ad þu kunner ad snua þijnum Naunga og so þar fra, ef þu kant ad hafa þar til hentugleika: bid þu eirnenn fyrer honum til Guds, ad hann meige þeckia sijnar Synder, og betra sig. Finner þu ecke soddann Brest og Lyte hia sialfum þier, þa stærdu þig ecke þar af, helldur vertu ottablandenn, sem Postulenn radleggur i Pistlenum til Rom: II. Cap. v. 20. og med þvi þu

stendur eñ stodugur, þa stadur vel til, ad þu faller ecke, liska sem hinn annar; þackadu og eirnenn Gude, ad hann hefur allt hingad til vardveitt þig fra soddann Synd, og bid hann innilega, ad hann vilie framveiges vardveita þig fra soddann, og odrum þvilijkum Odigdum allt til Æfeloka.

Cap. XII.

Ad eirn christenn Madur skule, ad minsta Koste einusinne a hvorium Deige, hallda sier fra Ollum utvortes Hlutum og snue sier til GUds i sijnum Hiartans Grunne; og hvad stort Gagn og Nitseme hann hafe þar af.

Psalm. 116.

Snu þu aptur mijn Sal, til þinna Rolegheita, þviad Drottenn giærer vel til vid þig.

Þegar Sala Mannsens slær sier so vijdt ut til utvortis hluta, ad hun hanger einasta vid Skiepnurnar, þa verdur hun, so sem eirn villurafande Saudur, alldeiles afvegaleidd og villt; En GUd ersidar þar uppa, ad hann kunne ad færa soddann eina afvegaleidda, og villta

villta Salu til baka, giora hana lausa vid skepnurnar, og snua henne aptur til sialfs sijns, uppa pad hann kunne ad fullkomna i henne, sitt edla guddomlega Verk. Parfyrer endar David pann langa Psalm. 119. med pessum ordum. Eg er sa sem villtur og fortapadur Sandur, leita pu Drotten ad pinum Pion: hvor endalikt ad vysu synest fyrer holldlegre Manneskiu sliett og lytels verd, enn sa sem er i Gude upplystur, sier i henne pad heila verk og gisorning peirrar himnesku Upplysingar, og Vysdoms, pvi Mannsens Sala er stodd a millum tijmans og eilyfdarennar, snue hun sier til tijmans, pa gleimer hun eilyfdenne, og aller peir hluter sem heira Gude til, verda langt fra henne, Enn snue hun sier til eilyfdarennar, pa gleimer hun skopudum Skepnum, fær aptur sitt Frelse, og kiemur til Guds, og Gud dregur hana til sijn, og pad er Gude hin hædsta og stædsta Glede, ad hann kann ad utrietta petta sitt verk i Mannsens Salu, og pa finnur Salen sijna rietta hvyld, sijna rietta Fædu, sitt rietta Lyf, og pann Avoxt Smurningarennar, af hvorre vier kollustum Christner. Skylde pa ecke hvor eirn Rettchristenn Madur maklega einusinne a deige ad minsta kosti, medtaka pessa himneska Salar-Fædu, sem er sialfann Gud til sijn,

unna Salunne peirrar riettu Roseme og sijns rietta og sanna Lyfs. Ef pu skillder petta, pa munder pu pusundsinum framar hlaupa par epter, enn nockur kinne ad aminna pig par til, og pott pu hefder ad rada fyrer einn heilu Kongsryke, so sem David hafde, pa munder pu po ecke lata hindra pig, edur hallda pier par fra. Skepnurnar skada oss ecke, pegar pær ad eins hallda ecke Salenne, edur Mannenum fongudum, so sem Spamadurenn seiger i Psalm: 62. Vilde ydur til Nytdomur, pa hneiged ecke hiarta ydar par vid; pui pad a einaska ad vera Gude ahangande; og i peirre Meiningu seiger Asaph i Psalm. 78. Pegar eg hefe pig ad eins Drotten, pa skeite eg hvorke um Himenn nie Jord. Pegar pesse sæta Lyst og Elska til Guds kemst rett inn i Hiartad, pa gleimer ein gudelskande Sal, fyrer saker pessa Guds Kiærleika, og Yndes, audvelldlega ollum Prautum og Motlætingum, ackar pær lytelsverdar, giorer sier aungva panka par um, hvort Verolldenn elskar hana eda hatar, pvi hun hefur allthyd Frid i Gude vid allar skapadar Skiepnur, vid Dine og Dyine. Soddann Manneskium verdur Christi Ok eitt barelegt og lydanlegt Ok, pui pær eru i Christo, og Christur i peim; Christur ber sitt Ok i peim, og pær bera pad i honum og fyrer hann, par fyrer

fyrer seigia þær med H. Paale, Phil. 4. 3. v. 13. Eg formaa alla hlute fyrer þann, sem mig mattugan giorer, sem er Christur.

Þarfyrer er einum Christnum Manne, miog naudsynlegt og gagnlegt, ad hann, ad minsta koste, einusinne a hvorium deige, gange inn i sitt eiged Hiarta, utelike fra því Heimenn og allar skapadar Skiepnur, og snue sier til Guds i Christo; ad nockruleite vegna Roseme sinnar ypparlegu Salar; og ad nockruleite, so hann kunne riettilega ad bruka Jardneska hlute, hvoria Gud læ turþier epter, og ann þier þeirra vel, þar sem þu ad eins framgeingur i Audmyktenne, og Otta Drottens, og snyr þier daglega aptur inn til hanns sialfs; ad nockruleite og so, vegna Fatæktar Mannsens, þegar hann er fyrer utann Gud, því Gud yfergiefur ecke soddann Salu, fyrre skilldu allar skapadar Skepnur henne þiena: Ad sydust u og so fyrer saker þess Kross og þeirrar Byrde, sem Madurenn ber daglega, uppa þad hun kunne ad vera i Christo liettbær, og þægeleg. Þar um aminner þig og einen Guds Ande, sem er i þier, ad þu framar ollu bidier, andvarper, og hafer longun þar epter, ad þu kunner ad elska Gud; Og nær þu hindrast fra því ad þeinkia þar um, þa sturlar þad þig: Þetta er med riettu þad

innra Hroped/sem giereſt fyrer H. Anda. petta er Klapp þijns Brudguma a dir þijns Hiarta/ so ad þu liuker upp fyrer honum; ja þetta er eirn lifandi Vitnesburdur fyrer honum, ad þitt Hiarta skule vera hans eiged Hoylu-rum og Brudar-sæng.

Cap. XIII.

Þegar Elskann til Skepnanna geinger ut, þa geingur Guds Elska inn; og um þær yppærlegu Verkaner, og Tilhneigingar Guds Kiærleika i oss.

1 Joh: 2.

Hvor hann elskar Heimenn, i honum er ecke Kiærleike Fodursens.

Sa sem vill finna Gud i sijnu Hiarta, verda samteingdur og eitt med honum, og vera hans Mustere og Bustadur; hann ma afklæda sig Heimsens Elsku, og æfa sig i Guds Kiærleika; þvi hann kann ecke ad odlast, þann hreina og guddomlega Kiærleika fyrr enn hann slepper þessa Heims Elsku, og sameinar sig Guds Elsku, og skule Guds Kiærleike sameina sig vid nockurn, þa hlytur Gud ad hræra vor hiortu med sinne Elskuzlijka sem Segulsteirnen

nen hrærer Jarnid, og dregur pad til sijn. Nu er Guds Kiærleike til Mannsens Salar so stor ad hann Ljomar og skijn allstadar, Ja hart Ljomar og skijn fagurlegar, enn Solenn kann nockurntijma ad ljoma og skijna a himnenum: Ja, Guds Kiærleiks Ljos er ad reikna imot Solarennar Ljose, so sem, ef allur sa hvijste himenn være ein Sol, par fyrer hefur Guds ongva Skulldi pvi, po ad Mennerner dragest ecke til hans fyrer Elskuna, helldur eru peir sialfer Ordsok partil, af pvi peir hindra hans Ljos og Kiærleiks hræningar, og verda parmed peirra ecke hluttakande. Pvi pegar Gud kemur med sinn rijkdomsfulla, skiæra og yppalega Kiærleika, sia! pa finnur hann Mannanna hiørtu full af vondum Vndum; veralldlegre Elsku, Hofmod, Dramb semi, Agyrne, Velly stingum, Hatre, Pfund, og ogudlegum Raunkium: og hlytur pess vegna ad snua tilbaka med sijna Nad og Kiærleika, med pvi ad Mannsens Hiarta er allt adur snorted og yferdreiged, ja inntaked af Syndarennar og pessa heims Segul-steine, sem ecke dregur pad til Himnariykes, helldur til Helvijtes. Sa gode Vid er oetyd, lijka sem Solenn a Himnenium reiduburenn ad medderla einum og sierhvorium Ljorna sinnar Nadar,

þar sem hann adeins vill gjøra sitt hjarta hreint, og skilia þad vid ótilbærilega Elsku Skiepnanna, þar fyrer er Skuldin hia oss sialfum, enn ecke hia Gude. Þvi er þørf til þess, uppa vora sijdu, ad vier geimum ad vor Hiørtu, ad vier snuum oss fra Skøpudum Skiepnum. Og til þess lifanda Guds, bidium og geinnen innelega Gud, i Jesu Nafne, um þa guddomlegu Elsku, sem samteinge oss vid Gud: Knyum a dyr þeirra Heilögu Jesu Christi Sára, og leitum vors Hialprædis i þeim: þa vill hann uppliuka fyrer oss, so vier meigum innganga i Guds Kiærleika, og verda eitt med honum. Þa naloegest Manneskian Gud, og sia loegest Heimenn, þa hrærer Gud vid Salena med sinne Elsku, og gledur hana alltaf meir og meir, langtum framar enn nockur Skøpud Skiepna kynne adgjøra; og þvi skylde sa Indeslege og Lyfkroptuge Gud, ecke framar kunna ad kiæta þig, og gledia, en þar annar og vesolu Skepnur.

Sódann ein Manneskia, sem þannig Gud elskar, verdur og ósegianlega heitt elskud aptur á mót af honum, somuleides og einnen af øllum Heilögum og Guds Englum, so ad øllum þeim Kiærleika, sem uppfeinkiast kann, er ecke samlijkiande vid þenann Kiærleika. Aller þeir

þeir sem eru a Himnum elska soddann eina Manneskiu yfer mata miked, og yfer alla þa elsku sem a Jordunne kann ad finnast. þui hvorriu sem þeir a Himnum vilia unna, og hvad sem þeir vilia elska, þad er langtum yppar legra enn þad þeir gyrnast og vilia fa, sem eru a Jordunne: Aller Heilager og aller Guds Einglar, glediast, so hiartanlega af Guds Otta og Godum Verkum, ad þad er oseigianlegt, þui þeir hafa Gud outseigianlega Kiæran, so ad hans dyrd er þeim og so kiærare enn þeirra eigen Saluhialp.

Og þetta er nu eitt visst teikn og merke til Guds Kiærleika, þegar Madurenn brukar skapadar Skiepnur, med truarfullum Otta og Lytelæte; þviad Guds Kiærleike hneiger so Hiarta Mansens til Audmyktar Nott og Dag, ad hvort helldur hann etur eda dreckur, sefur eda vaker, eda hvad sem hann sier fyrer hendur tekur, þa brukar hann alla hlute i Sonarlegum Otta. Hier af Kemur og eirnenn heimugleg Andvarpan og Laungun epter Christo, og epter lausn fra þessum Heime: sem og eirnen sierdeiles Sturlun þar af, ad Madurenn hlytur ad vera hier i þessare Eymd, hvar hann finnur so margar Synder, og ohreinleika i sinne fordiarfadre Natturu, og kann ecke ad verda

laus par vid, helldur hlytur hann ad hropa upp med S: Paule Rom. 7. v. 4. Jeg arm Manneskia, hvor kann ad frelsa mig af Lykama pessa Dauda, pessvegna ma hann og eirnenn andvarpa og bidia Gud um Nad, ad hann fyrer hana kunne ad verda stirkur til ad bera syna Sorg pess betur, og ad hann vanmegnest ecke i sijnum Eymdum. Med soddann mote hafa aller Heilager sorgad og vered sturande yfer peirra medfæddum Jafeingelegheitum og holldlegre elsku: Pvi pad er vijst, an alls efa, ad eingenn kann ad finna Guds Nad hia sier, so leinge sem hans Hiarta er inneked af Jardneskum hlutum, og otilhlideleg Elska til skapadra Skiepna drottnar i honum, og hefur yferhond. Sa sem leitar epter Gude, og epter einhverium odru jafnt vid hann, sa hinn same finnur ecke Gud: En sa sem ecke leitar epter odru eñ Gude og pad af alvoru, og fram yfer alla hlute, han finnur Gud og allt hvad Gude tilheirer, og Gud kann nockurntyma ad gefa og meddeila; pvi sa sem ecke stundar uppa annad, og ecke leitar epter neinu odru, en Gude alleina, i Ollum hlutum, honum syner Gud, og skeinker allt pad sem hann hefur i sijnu Guddomlegu Hiarta, ad pad skule vera honum so eigenlegt, sem pad er Gude sialfum.

14 Cap

Cap. XIV.

Sa sem vill vera Guds Bustadur, hann hlytur ad hafa stora Polenmæde til ad bera, so hann kunne ad byhallda Guds Elsku. Somuleides um Pad, hvad su Elska sie, og hvad hun utriette.

Es. 53.

Christus var so sem Pad Lamb, sem til draps er leidt.

Hvor sa sem vill riettelega tilbua sitt Hiarta, so hann kunne ad verda samteingdur vid Christum, hann hlytur ad hafa somu Geds mune og Christur hafde, hann hlytur ad vera eitt polemmodt og hogvært Lamb, lijka sem Christur var, gior hvad pu villt, smu pier hvort sem pig listir, pu hlytur po ad vera eirn meinlaus Saudur, vilier pu annars epter filgia Christo. Pui vor Herra seiger hia Matth. 10. Cap. Sia eg sende ydur so sem Saude a medal Ulfa; par fyrer, hvort sem pu smyr pier, pa hlytur pu alltyd ad vera a medal Ulfa, sem vilia hremma pig, roota pier um Koll, ryfa pig og slyta i sundur, og pu kant ecke ad veria pig fyrer peim med odru betra mote, enn med Trun-

ne,

ne, Bænenne, Polennædenne, Hægdenne, Hogværdenne, og med þvi mote, ad þu fyrer Guds skuld, taker til packa, hvad þu verdur ad lyda, so sem þu sier, ad þitt Hofud, og þinn Frelsare Christur hefur giort fyrer þig. Lijka so sem ad Gud hefur eina stora Velþocknan a Christo þvi hogværa Lambenu Guds; so þocknast honum og eirnenn vel þijn Polennnæde, og þess vegna vill hann æfa hana og reina: gef þig þess vegna under hans vilia, og lyd giarnann polennmodlega, med hvorium hellst hætte, og mote, sem hann vill þig æfa; hvort helldur fyrer sig sialfann, ellegar fyrer adra menn; eda fyrer þyna Ovine, eda fyrer skapadar Skiepnur a Himne og a Jordu: Lattu þad hafa sinn gang, ad þu verder skammadur og svivirdtur, eda lyder annad þviumlykt, hvad hellst þad vera kann; so ad þu þoler þad allt og umberer med Bæn og Andvarpan/ Stoduglynde og Þagmælsku, fyrer utann alla Hefndargyrne. Sia, þa kemur sa trufaste Hyrderenn, leitar ad sijnum Saud og ber hann a sijnum Herdum; hann færer soddann Salu yfer allar skapadar Skiepnur til Guds. þvi Christur færer oss ecke neinstadar, nema til sijns Foduns; Enn brioteſt nu fram þijn blinda Skynseme og þinn holldlege Domur, seigiande:

de: Hvarfyrer muntu vilia lata þig so forakta-dann verda og underþrickstan? Lattu þa Hogværdena og ecke Hefndena svara og vinna Sigur, og lyttu til Jminndar þess krossfesta Guds Lambs, Herrans Christi. Siadu so til, ad þu siert eitt Lamb: þad er: ad þu vardveiter Hogværd og Þolenmæde, og yfer allt framm bihallder Guds Elsku, þvi hia reidenne kann Kiærleikurenn ecke ad finna stad, sia hier o! truud Sala, hvort ad sie þad rietta Kiærleikans Kenneteikn: marger meina þad sie Kiærleikans Kenneteikn, þegar þeir finna innvortis hia sier sialfum storann sætleika og Jndesleg-leika, enn þad er eige so: þad er ecke þad rietta Kiærleikans Kienneteikn. Þad rietta Kiærleikans Merke og Kenneteikn er þad, ad Madurenn giefe sig olldunges under Guds Vilia, offre honum sijnum eigenn Vilia, og reikne allt þad sem a mote blæs, so sem þad kome fra sialfum Gude, eins og Job reiknade allann þann Skada, sem hann vard ad lyda, a sijnum Børnum, a sijnu Gotse, a sinne Heilbrigde, og Virdingu, so sem þad hefde komed af hende Drottens, og vegsamade GUD i Ollu soddann Motlæte. So tok og eirnenn hinn Heilage Kongur David upp þau Skammaryrde, sem Simei veitte honum, stod stodugur i Kiærleikanum, og Þolennmædenne, og ecke

hefnde sijn sialfur, sem hann kunne þo fullvel ad giora. Kiærleikans Vera, Loge, Diup, og Uppsretta, verdur þa hrein og osnortinn, þegar Madurenn er vel til frids med Gud og hans Vilia, hvørvenn sem Gude þocknast ad skipta þui. Jafnvel þo Gud villde færa hann med Christo nidur i Helvyte, þa liete sa rette Kiærleike jafnvel soddann Guds Vilia sier vel þoknast. sem ecke fordiarfar neirn truadann, eda lætur hann verda fordiarfadann. Þad er eirn stor Hiartans Fridur i þeim reitta Kiærleika, sem elskar alla hlute i Gude, og jafnvel Krossenn, og Mansens Ovine. Þui sa rette Kiærleike utelikur ongvann hier i tymanum, helldur hefur alltyd sameining i Gude vid alla Menn. Eingenn skillde trua hvad fyrer Unum og Roseme þesse Kiærleike færer i Hiartad, þvi fyrer hann hviler Madur i sialfum Gude.

Cap. XV.

Ad JEsus Christus, Þad eilyfa Orded Guds Fodurs, verke og framkvæmi i Hiortum truadra Manna fyrer Innvortes Inblastur og Vidtal, og hvornen þetta kunne ad skie fyrer Kiær-

Kiærleikan. 1t. Hvornenn hann Openbere sig fyrer Þeim lytelatu, og late sig med soddann hætte Þeckia.

2. Cor. 13. v. 5.

Reined ydur sialfer, hvort JEsus Christur se i Ydur.

Leijka sem Madurenn hlytur optlega a mote sijnum vilia, ad verda fyrer Þeim Jnnblæstre og Þeim Jnnfollum, sem koma af Þeim vonda Ovin Dioflenum; so formerker og eirnen, Þar Þvert a mote, hvor ein truud Sal, Þa gudomlegu Huggun, og Þann Jnnblastur, sem Þad eilyfa Orded Guds talar i oss, hvar um Læremeistarenn Taulerus so ræder. Þad eilyfa Orded, seiger hann, er oss so oseigianlega naed hid innra i vorum Hiartans Grunne, ad Madurenn er ecke sialfum sier so nalægur, og hanns Nattura og Þankar, edur annad Þviumlijkt, er honum ecke so nakvæmlega nakomed, sem Þad eilyfa Orded er honum nalægt, og talar i honum an aflats, og Þo heirer margur hver Madur ecke neitt af Þvi: hvort ed kiemur af Þeirre storu Deifi vors Hiarta, sem Diofullenn verkar i oss: Þvi sa vonde Ovinur gierer Mannen daufann fyrer sinn Jnnblastur

um

um Heimsens Elsku, og allt pad sem Heimenum filger. Diofullenn freistar allra Manna, med ollu pvi sem fyrer Natturunne er liuflegt og pægelegt. Lijka sem hann freistade Evu fordum, Gen: 3. v. 4. so freistar hann pijn ennu daglega med Gotse, Virdingum, Vinskap, med pinne eigenn Natturu, edur hvoriu einu pvi sem hann innbirlar pier, so sem er Elska til skapadra Skiepna, og annad pesslags, hvoriu hann smeiger inn i Hiartad, pvi hann er alltyd hia Monnunum, og formerker a hvoriu hvor eirn hefur lyst eda leida, invortis eda utvortis, og par med vedur hann uppa Mannenn, og smeiger pvi inn i hans Hiarta, so ad hann pessvegna kann ecke ad heira pad sem Gud talar i oss fyrer sinn H: Anda og Orded.

A mote soddann Diofulsens Innblæstre hlytur pu endelega og alvarlega pig ad setia, med Bæn og Andvarpan, og ecke geta pvi neina vakt, sem hann innbirlar pier; pui ad so mikluleite, sem pu gefur par giætur ad, og snyr pijnum innvortis Eyrum par til, pa ertu alla reidu par af yferunnenn. En par sem pu snyr skiotlega pynum Hiartans Eyrum par fra, og andvarpar par yfer til Guds, pa ma Satan gefa tapad. Halltu pier innilega til Guds, og muntu pa verda var vid hans

Raust

Rauſt og Innblaſtur; þvi lijka ſo ſem fromra manna Kiærleike og vinſkapur, ordſakar inbirdes ſamtal peirra a mille; eins lijka ordſakar Kiærleikenn til Guds ſamrædur vid hann. Hafer þu Gud hiartanlega Kiærann, þa fær þu og eirnenn ad heira hans Rauſt i þier; þvi hvor mig elſkar ſeiger Chriſtur Joh. 14. v. 21, 23, fyrer honum vil eg mig openbera, og hvor hann er af Gude, hann heirer Guds Ord, hvor Heirn ad ecke ſkedur einaſta i utvortis Kyrkiunnar Samkvæme, helldur og einenn i þvi retta Muſtere Hiartans. Og þar ſem Orded heireſt ecke i Hiaranu (a) þa færer utvortis Heirnenn lijtenn Avoxt. Þar fyrer liggur ſtor magt a þvi, ad þu elſker

J Gud

(a) Hebr. 4. v. 2. Ord Prædikunarennar hialpade peim eckert, ſem ecke trudu og þad heirdu. Hia Matth: 13. ſeiger Chriſtur: þa er nockur heirer Ordid Rykeſens, og underſtendur þad eige, keimur hinn Vonde og hripſar burt, hvad ſaad er i hans Hiarta, og i Openb: B. 6: 16 Cap: ſtendur ad Drotteinn hafe vpnad Hiarta Lydiæ, ſo ad hun giætte ad þvi, hvad af Paule ſagdeſt. D: Lutherus ſeiger: Eingenn kann riett ndſkilia Gud, utan hann fae þad, fyrer utann Medal af H: Anda, og eingenn kann ad hafa þad fyrer utann Medal af H: Anda, utann hann reine forneme og finne til þeſſ: Fyrer ſoddann Reinſlu og tilfinningu, kienner Heilagur Ande ſo ſem i ſijnum eigenn Skola, og fyrer utann þenann Skola, lærer Madurenn ecke neitt utann Skvalldur Glaums og Vyſdoms Skyn.

Gud, so þu kunner ad heira hann talandi i þijnu Hiarta vid þijna Salu. Enn vilier þu vita seiger Lærefaderenn Gregorius, hvort þu elsker Gud, þa gef giætur ad, hvort þu med Þolenmæde, tekur vid ollum Krosse, Kvol, Þreingingum og Motlæte af Gude, og ecke knurrar honum a mote, eda ert opolenmodur þar yfer, eda vykur fra Gude, fyrer saker soddann Motlætis, og yfergefur hans Bod og Kiærleika. Taker þu þier vara fyrer soddann Opolenmæde, þa elskar þu Gud: En vyker þu þessvegna fra Gude, ad hann leggur þier Motlæte uppa, þa elskar þu ecke Gud, helldur elskar þu einasta sialfann þig, þu elskar meir Velystingar enn Gud, og Gafurnar meir enn þañ sem þær gefed hefur, (b) elsker þu nu GUD hiartanlega, þa fær þu ad heira morg sæt og saluhialpleg Ord af honum i þijnu Hiarta; þvi hann seiger vissulega: hvor mig elskar, fyrer þeim hinum sama vil eg mig opennbera; hvor Openberan ad skedur med þvi mote ad Forstanded opnast fyrer Anda Vysdomsens og Skilningsens, Anda Lærdomsens og otta Drottens, og Augu Skinsemennar upplysast a einum

(b) um fleire Teikn og Merke til þess, ad ei.n elske Gud, ma lesa i Annarar Bokarennar 5ta Cap:

einum til ad sia og þeckia Jesum Christum, Eph. 1. 18.

Framveiges er adgiætande, ad lijka sem Diofullenn tilstappar þau Innre Eyrun fyrer sinn Innblastur, so sem adur er sagt, so forblindar hann og eirnenn Augun þau innre, og þad gierer hann med Elsku til Heimsens og skapadra Skiepna, og sierdeiles med Sialfs-Elsku, Stærelæte, Hofmod og Drambseme, sem alldeiles hindrar þig fra þvi ad sia og formerkia Christi Indeslegleika og Edaldom. Þvi so sem þu matt heira Christum tala i þier, fyrer hiar tanlegann og innelegann Kiærleika; so mattu og so fyrer Truna, og sanna Audmykt, med hvorre Hiartad hreinsast af þeim leida Hofmod og Drambseme, sia Christum i þier, og þess vegna seiger Christur Matth. 5. v. 8. Sæler eru Hrein hiartader, þvi þeir munu Gud sia. Þessvegna lætur Gud og eirnenn so margfalldann, hardann, og þungan Kross falla uppa þig, ad þu skuler sockva alldeiles nidur a grunn Lytelæteſſens: hvad allt ad skiedur þier til hins besta, og er þier þusundsinnum betra helldur enn þo þu lifder i storre Glede og Vegsemd. Lat Himen og Jord ja alla Diofla i Helvyte falla uppa þig, þad skal ecke verda þier til skada i hinu minsta, þad verdur þier allt til Gagns og

goda, þvi þad sockur þier nidur i þa hreinu Audmykt i hvorre þu lærer riettelega ad sia Christum.

Þad er þier stor Vanæra, ad þu skuler stæra þig, Christur er sa allra hædste og hinn almattuge Gud, sem hefur giort Himen og Jord, og allt hvad þar er inne; þo hefur hann viliad lyda so miked, fyrer þig, sina auma Skepnu; skyllder þu þa ecke daudleg Manneskia skammast þijn, ad þu hefur nockurntyma lated Hofmod og Drambseme inntaka þitt Hiarta. Gief þig under Krossenn, hvornenn sem hann kemur ad, Innvortis eda utvortis, og beig þitt stollta og hofmoduga Hiarta under Christi Þyrne-Coronu, og epterfilg þeim krossfesta Gude, med nidurlægdum gedsmunum, i alvarlegra Hindrun og Forakte sialfs þijns, bædi hid innra og itra: legg allt kapp a, ad þu med þolennmodlegre Lydingu, og audmiuku Framferde kunner ad verda lijkur Christi Heilagre Þijnu, so lærer þu ad sia hann og þeckia rettelega. Þad hialpar þier ecke neitt, þo þu i eirnre kalldre og blindre Elsku peinker um Þijnu þijns Endurlausnara Christi, later þu hana einasta hanga þier i huga, og vilier ecke i hinu minsta hallda þier fra þijnum Hofmod, Drambseme, Ærugirnd, og holldlegu Mu-

na-

dur medtekur hann þig. Líjka sem eirn Vatns drope, eda Sandkorn, er ad reikna a mote ollu Sialfar-hafenu, so eru allra Manna Synder a mote Guds oendanlegre, og yfermata storre Miskunseme i Christo Jesu. Líjka sem vier forþienum ecke / med nockrum vorum Verkum, Guds Nad og Vinskap, Fyrergefning vorra Synda, og þa eilijfu Saluhialp, helldur verdur þad alltsamann oss skeinkt, og gefed i Christo, af skiærre Nad: so kunnum vier ecke helldur, med nockrum vorum Verkum, ad forskullda, adrar Guds Nadar-Gafur, so sem er, Upplijsing Hugskotsens, Trunadartrausted, og annad þviumlijkt, þad hlytur oss alltsaman gefed ad vera, ut af skiærre Nad, fyrer Jesu Christi Verdskulldan og Forþienustu. þo ad eirn hefde lided oll þau Pyslarvætte, og Pintingar, sem aller Heilager, ja allar Manneskiur hafa lided, og þott hann hefde giort allt þad Goda, sem oll Guds Born og rettruader menn, nockurn tyma giort hafa, ellegar giora kunnu, fra Upphafe og til Enda Veralldar, þo þu lietter þig, jafnvel deyda tiusinnum a hvorium deige, og yrder tiusinnum aptur lifande. Ja, þo þu tæker þier ecke annad til fædu, enn Pirna, Sand, og Steina, þa kinner þu þo ecke med ollu soddann, þad ad forþiena, ad Gud skyll-

skyllde gefa þier nockra af sijnum minstu Nadar-Gafum; Enn ef þu bidur audmiuklega, ad þær meige þier veitast, af Nadenne, i Nafne JEsu Christi, og fyrer hans saker alleina, og sockur þier nidur fyrer Truna i þa diupu, oendanlegu, omælelegu Guds Miskunseme, sem hann hefur til þijn i Christo, þa finnur þu og fær allt, hvad þier kann ad þiena til Salargagns, og goda.

Enn þad er jafnframt þessu vel merkiande um soddann Nadar-Gafur, sem Gud þier veiter, so sem sijnu Elskubarne, ad þu forlyster þigecke i þeim, so sem þijnum eigenn; heldur hafer þijna Unadsemd sierdeiles, i sialfum Gude, sem þær veiter og gefur. Haf þijna Unadsemd i Drottne, seiger David, og þar fyrer eke einasta i þvi sem hann gefur. J Gude skalltu forlysta þig, og gledia. Hvor hann vill sier hrosa, hann hrose sier i Drottne, seiger Spamadurenn. þessvegna skalltu og eirnenn bruka allar þijnar Gafur honum til dyrdar, so ad hans guddomlegur Vilie, meige med soddann mote i þier fullkomnast. Lijka sem Vatned flytur ut fra einum stad, og rennur aptur til þess sama stadar, so ad prædikare Salomonis seiger þess vegna Prov. I. v. 7. ad øll Votn falle i Sioenn, og til þess stadar; fra hvorium þau runnu, kome þau aptur, til ad renna So

M skalltu

skalltu eirnenn lata allar þijnar Gafur, renna til Guds aptur, fra hvorium þær eru komnar, i þann mata, ad þu bruker þær allar Gude til dyrdar, og nær þu brukar þær so, þa hefur þu þijna Unadsemd og Glede i Gude, framar øllu, sem þær hefur gefed. Þo þu hefder allar þær Gafur, sem til eru, a Himne og Jordu, og øll Godverk þeirra Heilogu, ef þu vilder forlista þig i þeim, eda leita þinnar eigenn Listeseme, Glede og Virdingar i þeim, þa yrder þu med øllum þijnum Gafum, fyrer Gude, ein Andstigd, og allt hvad þu giorder, og framkvæmder med þeim, yrde ad einsamlre Odygd og Afguda dyrkan.

Þu skallt ecke hafa þiina sierdeiles Unun, Rooseme og Glede i nockru ødru a Himne og Jordu, enn Gude alleina. Ef þu giorer þad, þa er Gud sialfur þijn Glede, þijn Lyst, þijn Roseme, Unun, Fiarsiodur, Rijkdomur, og Upphellde, bæde hid innra og itra, hvort þier er þusundsinnum betra, enn allar þijnar Gafur, og med soddann mote verdur þu og eirnenn eitt hæfelegt og verdugt Ker til ad ødlast Guds Nadar-Gafur; somuledes og eirnenn eitt hæfelegt Verkfære, fyrer hvort Gud vill framkvæma sijna Nadar-Giorninga; fyrer þa hofmodugu og drambsemu vill Gud ecke giora og framkvæ-

ma

ma sijn Nadarverk, þvi þeir eru Reidennar Ker, en ecke Nadarennar, þeir eru Diofulsens Limer, og Verkfære; og þessvegna stendur Gud og eirnenn þeim imot, en lijtelatum, gefur hann Nad seiger S: Petur. Hofmodur og Drambseme, er su retta Rot til allra Odigda, og fyrer uppblasna Gedsmune, inntekur Diofullenn sier til sætes þann stad, i hvorium Gud med sinne Nad skyllde bua og hafa sitt Sæte.

Gud lijtur til þeirra audmiuku, og vesslu, sem hræddast fyrer hans Ordum, seiger Esaias: soddann Mann utvelur Gud, til ad framkvæma i þeim stora hlute, hvad oalitleger og audvirdeleger sem þeir kunna ad vera fyrer Heimenum. So sem eitt Vyntrie er ad vijsu, hid itra, fyrer Mannanna sionum oasialegt; so ef Menn þecktu þad ecke, mundu þeir þeinkia, ad þad digde ecke til annars, enn ad brenna þad i Elde; þo eru þar i þvi hinu sama oalitlega Vijntrie, lifande Vedar, af hvorium þau kostulegu Vijnber, og þad lystelega Vijn kemur; Eins eru og eirnenn aller Guds Menn, og þeir sem eru Verkfære Guds Nadar, ad vijsu, utvortis oasialeger, lijka sem laklegt, og gagnlaust Triesticke, þvi þeir eru fyrer Heimenum fyrerlitleger, og sækia ecke epter Heimsens Vegsemd, eda ad verda

mikels metner af Monnunum fyrer pad goda sem peir giora, peir hverke giora miked af sier, i storum Ordum, nie helldur utvortis asialegum Verkum; helldur lata peir sier nægia, med Hros godrar Samvitsku, og ad Gud pecker peirra Hiartans Grunn, og pess vegna eru peir og so hid innra i riettre raun, fyrer Gude pecker og pægeleger, hvad lytelmotleger sem peir kunna hid itra ad sijnast fyrer Heimenum, peir eru god Ilman Christi sem Paulus vottar 2 Cor. 2. v. 15. Enn peir sem giora miked af sier fyrer Monnunum med sijnum Gafum, og vilia vegna peirra af Heimenum mikels metner vera, til dæmes, peired lata giora imisleg Verkfære til Kyrkna, so sem kunne ad vera, Glerglugga, Alltare, Kluckur, og annad pviumlijkt, og lata setia sijn Nafn, og Kenneteikn par uppa, so peir kunne ad vegsamast af Monnum par fyrer, eda peir sem giera miked af sier, med Olmusugiordum, og vilia endelega, ad hvor Madur skule vita, ad peir hafe giort soddann Verustycke, og lata pad so sem med Basunum uthropast, so sem Christur ad orde kemst; eda peir sem leita sinnar eigenn fanytrar Lysteseme, og Vegsemdar i sijnum Gafum; peir eru fyrer Gude ein Svivirding, med

med ollu þvi sem þeir hafa, og giora, þeir hafa alla reidu sijn Laun utteked, epter þvi sem vor Herra sialfur seiger hia Matth. 6. v. 2.

Enn so ad eg leide Monum fyrer Sioner med faum Ordum, hvornenn ad vor verk eige ad vera asigkomenn, bæde i þessum Giorningum, og odrum; þa skalltu vita, ef þu villt, ad þijner giorningar skulu ecke vera Madksmogner, og fyrer Gude ein Svivirding, helldur henum þecker og þægeleger i Christo; þa skalltu skycka þier epter þessum epterfilgiande Greinum.

Fyrst skalltu i ollum hlutum lijta til Guds Ords, og laga þinn Verknad epter þvi, enn ecke epter einsamallre Sidveniu annara Manna, eda þijnum eigenn Potta: þvi Guds Ord er þad alleina, sem sijner fullkomlega allt gott, so ad eirn Guds Madur kunne ad vera Algiordur, og velfhæfelegur til allra godra verka. Og ef þad er Guds Þionusta, sem þu villt framkvæma, þa skaltu vera viss um þad, ad Gud hafe befalad þann hlut i sijnu Orde, sem þu villt giora. Því forgefens dyrka þeir mig, seger Christur fyrer Mannanna Bodord og Lærdooma. Matth. 15. v. 9. Enn sie þad eitt annad almennelegt Verk, þa skalltu ad minsta koste, vera viss um þad, ut af Guds Orde: ad þad sie leift, og

epterlated, þvi efeſt Madur um nockud hvort þad kunne ad ſtandaſt, eda ecke, og giorer þad ongvu ad ſijdur, þa verdur þad honum til Syndar: Hvor einn ſie viſſ um ſitt Meining, ſeiger H. Paall til Rom. 14. v. 5. Og enn aptur, hvor hann efaſt um nockud og giorer þad þo, ſa e fordæmdur, þvi þad ſker ecke af Trunne, enn hvad ecke er aftrunne, þad er Synd

Þar næſt eiga oll þijn verk ad ſke i ſonnum Guds Otta og Elſku; þvi Truenn er og ſo i þvi innefalenn, og an Truarennar er omogulegt Gude ad þocknaſt, þar fyrer ſeiger og eirnenn Guds Ande til þeirra Hebræſku Heb. 11: v: 4. ad Abel hafe offrad Gude, fyrer Truna, ſtærra offre enn Cain og i Ordſk. Bok: 15. cap. ſtendur, ad forner þeirra og odi gu ſieu S ijſvirding fyrer Drottne.

I þridia mata ſkalltu giora, allt hvad þu giorer, Gude til dijrdar; giored alla hlute til Dijrdar Gude, ſeiger Paall 1. Cor. 10. Guds Ærru og Vegſemdar eiga Menn ad leita framm yfer alla Hlute, og ecke ſinnar eigenn Vegſemdar; Hvad ſem Ma urenn giorer ſier ſialfum til Æru, og leitar þeſſ ſierdeiles med ſijnum Verkum, ad hann af Monnum kunne ad verda vegſamadur, og mikels metenn, og aktadur, þad kann Gude aungvanneigenn ad þocknaſt, hverſu ypparlegt, ſem þad ſijneſt hid itra, þvi þad kiemur

kiemur ecke af Gude, helldur af Mañsens eigenn Hofmod og Drambseme. og heirer þessvegna ecke ødrum til, enn hans Ærugyrugheitum, og sialfs Elsku, þvi sa sem hefur giørt eirn hlut, og komed honum i verk, honum heirer til sa same hlutur, og sa sem hefur geted eda fædt eitt Fostur, honum heirer Fostred til. Sa sem i sijnum Verkum hefur Þanka og Meining um sialfann sig, og leitar med soddann mote sinnar eigenn Vegsemdar, og ecke framar øllu, Guds Dijrdar, hann er eirn Hræsnare og Augna þienare: og þessvegna eru soddann hræsnesfull verk, lijka sem forfagadar Grafer, sem eru utann til fagrar, og prydelegar, enn inann fullar af Rotnan og Fijlu; þeir eru motlijka, og eitt Kol, edur Skarnkveikur, sem utann til er forgylltur, enn skafer þu Gulled af, þa er ecke neitt epter, annad enn Kol, edur Skarn; þvi legge Madur til sijdu þad itra fegurdar skin, sem finst i soddann hræsnesfullum verkum, þa er þar ecke neitt annad epter, en Skøñ og Vanvirda; þad er ad skilia, su vidurstiggelega Metordagyrnd, og so blindud Elska til sialfs sijns, sem sijnest eirn listelegur og þægelegur hlutur, fyrer hofmodugum, og villtum Hiortum, enn er þo fyrer Gude ein Andstigd og Svivirding. Ja, þad reinest ecke annad,

i raun og veru, enn einsomul Afgudadyrkan, þvi allt þad sem Madurenn stundar epter, og virder, annad hvort jafnt vid Gud, eda meir enn Gud, þad er allt samann hans Afgud, og allt hvad Madur giorer i þvi falle, er einsomul Afgudadijrkan. Hvornenn skylde þad þa kunna ad þocknast Gude, sem er eirn sterkur og vandlatur Gud, og ecke kann ad lyda þad vonda; og ecke vill gefa nockrum odrum sijna vegsemd, nie Afguduum sitt lof. Es. 42. v. 8.

Frammveiges skalltu og eirnenn, i fiorda mata giora oll þijn Verk i Kiærleika til Naungans, leiter þu skada þijns Naunga med þeim verkum, sem þu giorer, þa kunna þau ecke framar Gude ad þocknast, enn þad kinne ad vera þægelegt, a medal Mannana, ad þu slatrader Synenum fyrer Augum Fodursens. Viter þu ad eitt verk sie sæmelegt i sialfu sier, og þu veist under eins, ad þinn Naunge sem ecke hefur vit a þvi, ad þad er sæmelegt, kann þar af ad hneixlast þa skalltu helldur lata soddann Verk vera ogiort, enn ad þu hneixler þinn Naunga med þvi. Madur a ecke ad setia Asteiting eda Hneixle fyrer sinn Brodur, og vei þeim Manne fra hvorium Hneixled kemur; Enn ha fe þijnum Naunga þad nogsamlega kent vered, ad þad sie ecke rangt, sem þu giorer, ellegar, ef

þad

pad kinne ad vera skade, fyrer marga adra, ef pu slepter pvi, pa er fyrst tijme til ad giora pad. Mier leifast sannlega aller hluter, seiger Paull, 1 Cor. 10. v. 23. enn peir bata ei aller; mier leifest allt, en pad er ei allt til Uppbiggingar. Item: v. 24. Eingenn leite einasta sinnar eigenn Gagnsemdar, helldur hvor eirn og sa annars Nytsemdar. Og enn aptur v. 32. Gefed eckert Hneixle, hvorke Gydingum, nie Greckium, nie Guds Safnude. So skalltu og eirnenn hafa eitt vingiarnlegt og kiærleiksfullt Hiarta til pijns Naunga, i ollu pvi sem pu giorer: par fyrer, nær pu villt Offra pinne Gafu, og pier kemur pa til hugar, ad pinn Broder hafe nockud a mote pier, pa gack burt, og sættu pig fyrst vid Brodur pinn, seiger Christur Matth. 5. v. 23. 24. Somuleides skalltu og eirnenn stunda til pess, ad piena pijnum Naunga, med pijnum Verkum, so miked, sem mogulegt vera kann, og vit fyrer vijst, ad pu hefur pessvegna odlast pad goda, sem pu hefur, ad pu so sem mogulegt vera kann, leiter pijns Naunga gagns og goda. Hvor sem ecke brukar pad Pund, sem hann hefur af Gude feinged sijnum Naunga til gagns og pienustu, hann ma giora Gude strangann Reikningskap par fyrer, og pad vill ganga so til fyrer honum, sem pad geck til fyrer peim onijta Pion, sem hafde grafed sitt Pund i Jordu, og ecke brukade pad

sijnum Naunga til gagns og nota, hvar til hønum var þad þo gefed, og matte þess vegna missa þad aptur, þvi hans Husbonde tok þad fra hønum, og gaf þad odrum, sem kunne ad fara betur med þad, Liet og eirnenn kasta hønum, i þau ytstu Myrkur, hvar ed vera mun Op og Tanna-Gnijstran. Eins vill þad og so ganga til fyrer þier, ef þu skyckar þier ecke betur i þessare Grein, so þu munt þa missa bæde Guds Gafur, og lijka hanns Nad, og þier mun verda þar ad auke, kastad i þad eilijfa Helvijtes Fangelse.

J sinta og sijdasta mata, byriar þier og so ad giora, oll þijn verk i Audmykt, og med Ugg og Otta, so þu hrædest fyrer Guds skelfelegere Reide, og hans huldum Dome: Ecke so sem sa, er efast um hans Nad, helldur so sem sa, er bæde reider sig uppa Guds Miskunseme, og lijka under eins, skelfest fyrer hans Riettlæte og Reide, Lijka sem eirn Vinur sneider sig þvi, ad stiggia þann sem hann elskar, og eitt fromt Barn ottast ad reita sinn Fodur til reide, þar fyrer skalltu ecke helldur meta dijrt, helldur næsta lijted þijn Verk, Hvad i þeim kann ad vera Gude til dijrdar, eda þijnum Naunga til goda, þad skalltu alltsaman tileinka Gude, enn ecke neitt sialfum þier, þu skallt þeinkia um

þad,

þad, ad þar er ecke neitt þad Gott i þijnu fare, ad þu hafer þad ecke allt samann af Gude þeiged: þu skallt þeckia þig og virda i ollu soddann ecke annad enn onytann Þion, sem hefur giort þad einasta, sem hann var skylldugur til ad giora; ja, þu skallt þeckia þig og vijrda fyrer þa aumustu Manneskiu, og lijtelæcka þig, i þvi falle, under Gud og alla Menn. So skalltu og eirnenn kannast þar vid, ad eingenn af þijnum eigenn giorningum, hvorsu godur sem hann annars kinne ad vera, kann ad standast fyrer Guds stranga Dome, og Rettæte, og bidia þessvegna þann goda Gud, ad hann alleina, af Nad sinne, vilie alijta þijn Verk, vegna Jesu Christi Forbienustu, og ecke epter sijnu Riettlæte, hvar um adur hefur vered talad.

Sa sem ecke tekur þessa simm Posta i ackt, i sijnum Athofnum, og ecke retter sig, eda lifer epter þeim hann fordiarfar oll sijn Verk, hvad yppar leg, sem þau vera kunna, og jafnvel þo þau være skiæra Gull, og so morg, sem oll Veroldenn kynne ad giora, þa yrde þau þo ad Preck, og Endeme; nema þvi ad eins, ad Madur skycke sier epter þvi sem nu hefur sagt vered. Enn hvor hann med soddann hætte, og epter þessum Greinum, sem nu hafa framtalldar vered, giorer sijn Verk, hann giorer þau

rettu

rettu Godverk, og er eitt Gott Trie, sem fyrer Guds Nad og Miskunseme i Christo, ber goda Averte, hans Verk eru og so giord i Gude, so sem Christur seiger Joh. 3. hann þarf ecke þess vid, ad Heimurenn bere vitne um þau, þvi honum er það nog, ad Gud sialfur þecker þau; og þau somu hans Verk, munu og langtum framar bidia gott fyrer hann, enn aller Menn kunna ad bidia; so sem og eirnenn þær Olmusur, sem einhver hefur giort, og gefed ut af Einfalldleik sijns Hiarta, þær bidia honum framar gods, enn aller þeir Menn, sem vita af þvi, ad hann hefur giort þær. Soddann eirn Madur kann ad seigia med Job, Cap. 16. v. 19. ut af Gladværd sijns Hiarta: Mitt Vitne er a Himnum, og sa sem mig þecker, er i Hædunum.

Cap. XXIII.

Um Leindardom Krossens og Motlætinganna, og hvornenn vier med þeim verdum leidder til Guds.

Matth. 10.

Sa sem ecke tekur sinn Kross uppa sig, og filger mier epter, hann er mijn ecke verdugur.

Aller

Aller peir sem vilia vera Christi Læresveinar, elskarar, og epterfilgiarar, peir hliota i pessum Heime ad bera sinn Kross, hvor hellst sem hann vera kann; pvi umflye Madur eitt, pa ratar hann i eitt annad, pu matt hlaupa hvort pu villt, og giora hvad pu villt, pu hlytur po endelega ad lijda nockud; og pvi skyllder pu ecke umbera pad sem pier verdur uppalagt? Par er po visslulega eingenn sa Guds Barna Kross, hverke mikell nie lijtell, ad Gud hallde ecke sinne hende under hann, og bere pann pyngsta hluta, og Part af honum: Med soddann mote verdur Manneskiann so glod, og Byrdenn so liettbær fyrer henne, ad hun pikest ecke finna miked par til, i stadenn pess, ad ef Gud geinge i burtu fra Krossens Byrde, og liete Mannenn sialfann bera hana alleina, pa yrde hun honum opolanleg, pess vegna hefurecke alleinasta Christur sialfur bored petta punga Krossens ok, helldur hafa og eirnenn aller hans kiærustu Viner bored pad giarnann epter honum.

Eingen kann pad med Ordum ut adskijra, hvad yferburda mikel Gagnsemd, ad er hulenn og folgenn i Krossenum, Gud leggur sijnum Vinum Krossenn uppa, af skiærre Elsku, Giæsku, og Trufeste, so ad hann kunne, med soddann mote, ad draga pa til sijn, og giora pa

Chri-

Christo lijka, og uppa pad, peirra Saluhialp skule ecke, fra peim tekenn verda.

Annars skulu pau Heilogu simm Sar, Drottens vors Jesu Christi, kenna pier, mitt Barn, ad bera Krossen rettelega / pau skulu vera pijn Lærdoms, og Krossburdar Bok. Hans heilogu Fota-Sar skulu kienna pier bæde ad umflya Holldsens, og Heimsens Gyrnder, og lijka ad umbera polenmodlega, hvad pier hid innra og itra kann uppa ad koma; Bada pessa Krapta skalltu draga og singa af Christi Heilogum Fota-Sarum. Pau heilogu Sar hans blessudu Handa, skulu kenna pier ad vera styllum, ad peigia, og virda einkis alla tijmanlega hlute. Hans heilaga Sijdu Sar, skal kenna pier ad afneita sialfum pier, og leita allrar pinnar Hvijlldar og Glede i Christo alleina. Sa Heilage Lykame pijns Endurlausnara Jesu, sem hieck nakenn a Krossens-Trie, skal og eirnenn kenna pier, ad skilia pig fra ollum skopudum Skiepnum, pvi lijka so sem Christur var alls nakenn a Krossenn negldur, so hann hafde ecke eirn klædes prad a sijnum allra heilagasta Lijkama, og hans Kyrtell var og so fra honum tekenn, med Hlutkeste fyrer hans blessudu Augum. eins lijka mattu vita, ad skuler pu komast til nockurs Fullkomlegleika, pa hlytur pu

og

og so ad vera skilenn fra ollu þvi, sem ecke er Gud; so ad þu hallder, jafnvel naumlega epter einum Præde a þier; og þad littla sem þu hefur ennþa til baka, hlijtur ovirdt ad verda, og so sem ad aungvu giort, fyrer þijnum Augum. Ja, hvad þu villder adhafast, verdur haft ad Hade og Spotte, og reiknad maskie fyrer Villudom, og Kietterij.

Eingenn Krossburdur fellur oss so til, mikell, eda lijtell, ad hann sie ecke af Gude adur fyrer hugadur, og þad nidurkvardad, ad hann skule so vera, og ecke odruvijse; og vier eigum ad þacka Gude fyrer allt soddann. Gud tileinkar þeim hinn allra mesta, og stærsta Kross, sem hann mest elskar. Satan leggur margar heimuglegrar Snorur fyrer Mannenn i leine, so hann kunne ad kollkasta honum, annadhvort fyrer goda daga, eda Heimsens Motlæte, þar fyrer, so ad þvi lijkt skule ecke skie, þa hlytur sa gode Gud af sinne storu Elsku, og Miskunseme, ad halldа sijnum Utvølldum jafnan under Hrijsenu, Aganum, og Krossburdenum / med margslags undarlegum, og heimuglegum hætte, sem vier opt ecke kunnum adskilia. Gud vill ecke, ad þeir skule hafa nockurn hlut ofkiærann, so ad

þeir

peir vondu Andar fae eckert vallð til ad svijkia þa og leida fra Gude.

Ef vier vissum hvornenn ad Krossenn leider oss til Guds, og hvad stor Vegsemd þar filger a epter, og hvad skiotlega hann drijfur þa vondu Anda fra oss, þa mundum vier vilia hlaupa margar milur vegar, til ad taka a mote honum. Kross, Pijna, og Hormungar, eru so agiætur ypparlegur, og gagnlegur hlutur, ad sa Heilage Gud lætur aungvann af sijnum bestu Vinum, þar fyrer utann.

Ef vier kinnum ad understanda Krossens Yparlegleika, þa mundum vier reikna oss hans overduga; so stor Guds Nad er þad, ad lijkiast Christi Jmind. Christur hafde aungva Velþokun a Heimenum; þess vegna var hann og so af Heimenum foragtadur, enn hann skeitte ecke neitt um þad: Hvad faa kinnum vier sem filgia epter Christo i þessu, og hafa Opocknan a Heimenum, hirda og ecke helldur neitt um, þo Heimurenn þa foragte? Sa sem vel þocknast Heimenum, hann kann ecke Gude þeckur og þægelegur ad vera; sa sem er fullur af Heimenum, hann hefur ecke neitt af Gude i sier: ad so miklu leite sem Madurenn deir fra sialfum sier, og vijkur fra Heimenum; ad so miklu leite, geingur Gud aptur a mot ini hans Hiarta.

Sa

Sa þoknast Gude best, sem er skickadur og lundadur epter Guds Sinne og Vilia. Være þar eirn Kongur, hvors Nad og Hille jeg villde odlast, og visse fyrer vyst, ad eg være honum þeckare i eirnre grarre Hempu, enn nockrum odrum skynande Klædnade, þa munde jeg an efa hallda meir af þeirre grau Hempu og bera hana langtum framar enn onnur Klæde. Eins lyka, med þvi þu veitst, ad þinn Krossburdur þocknast Gude vel, þa a hann ad vera þier kiærare, enn allt Medlæte. Lyder þu nockud, fyrer Guds skulld, þa hlytur soddann Lijding um syder ad verda þier liettbær, þvi Gud lydur med þier, og ber Byrdena med þier: Og ef Gud ber med þier Byrdena, þa er þad eins hægt fyrer þig ad bera eitt, sem hundrad Skippund, er hann uppa þig leggur; med þui hann gisrer Byrdena sialfur lietta, og Oked sætt Matth. 11. v. 30. Legdu þarfyret o! gode Gud, uppa mig, hvad þu vilt, og hvad miked þu vilt, og hialpadu mier sialfur til ad bera þad, so ber jeg þad eske, helldur þu.

Allar godar Gafur, hliota annad hvort oss ad veitast, eda i oss ad æfast, fyrer Kross og Sorgmungar, med þvi ad Kross og Motlæte er Salenne harla naudsynlegt, og gagnlegt, þa hefur Gud ollum sinum Heilegum Astvinum,

og allra hellst sijnum eingetna elskulega Syne soddann tilskickad, lyded þess vegna þier utvalenn Guds Børn Krossenn viliuglega, bæde fyrer þa grein, ad Gud vill so vera lata, og lijka af því, ad hann er so ypparlegur, gagnlegur, og naudsynlegur: Gud-hræddar Manneskiur gefa sig alldeiles, og ad ollu leite, Gude a valld, þær medtaka af honum so vel þad sura, sem þad sæta, og blijfa þar jafnann vid i Audmykt og Lytelæte; því sa helvijtske Hundur Diofullenn lætur ecke af, ad freista þeirra, og reina til, hvort hann kunne ecke ad draga þær, fra þeirra rettu Audmykt, og Guds sonnum Otta.

Gud vor himneskur Fader sende sinn eingetenn Son i Heimenn, ad hann skylde lijda allra handa Hermung og Motlætingar: og þo vilium vier ecke lijda neitt. Enn vier skulum vita, ad ef vier vilium þann ohulta veg, og preingia oss i sijegnum til Lijfsens, þa kann þad ecke vdruvijse ad vera, enn ad vier og so lijdum, og verdum fyrer Kross og Hormungar, lijker Jmind Drottens vors Jesu Christi.

Allt hvad eirn Christenn-Madur lydur, jafnvel þad allra minsta, þad kemur fra Gude, fra hans oseigianlegum Kiærleika, og verdur einum til gagns og goda. Audreifellur þier til so lijted Motlæte, ad Gud hafe ecke sied

pad fijrer fra eilijfd, og pad er pier ein stor Guds Nad, og honum vel pacelegt. Po aller Diosflar i Helvijte og aller Menn a Jordunne hefdu svared sig til samans a mote eirne truadre Manneskiu, pa kinnu peir po ecke ad giora henne skada i hinu minsta, og pvi meir sem peir leitudust vid ad skada hana, pvi framar yrde hun af Gude upphafenn: og pott soddann Manneskia yrde dreigenn nidur til Helvijtes, pa munde hun po finna par Gud, og fa ad niota hans; ja, hun munde hafa par sitt Himnaryke og sijna Saluhialp.

Pegar ad Veidemenn sækia epter einum Hiorte, og peir sia hann er ordenn preittur, og eru pvi visser par um, ad hann mune ecke sleppa fra peim, pa hallda peir Hundunum nockud til baka, og lata hann ganga um kryng i Dijrahafnum, og kasta Mædenne, so hann kunne par med ad fa aptur nya krapta, til ad utstanda Jaktena pess leingur: Eins lijka hendlar Gud vid mannenn, pegar hann sier ad Reinslunnar langsamleg Piokun vill giora hann preittann, og Freistingenn tekur til ad verda honum of pung; pa lætur hann verda hlie a henne um stund, og tijma, huggar og endurnærer Mannenn, so honum piker, sem hann hafe aldeilis utstaded og yferunned sijnar Hormungar.

Enn so sem það geingur til fyrer Hiortenum, að hans Fryun er ecke utann til hressingar, so hann kunne að þola nija Mædu og Hrakning, hvors vegna þegar hann varer sem fyst, þa eru Hundarner aptur uppa mote honum, og asækia hann miklu grimmlegar enn til forna. Eins verdur og eirnenn su Endurnæring, sem Gud gefur Mannenum, midt i Motlætenu og Freistingunum, honum til Hressingar og Underbunings, að taka a mote nyum Arasum og Freistingum; og þetta gierer Gud, af sinne storu Elsku og Trufeste vid Mannenn. Því med soddann Kvalræde og Freistingum verdur ein Manneskia med Epterlongun, Þorsta, og gladværu Hiarta drifenn til Guds, sem er sa Brunnurenn, i hvorium er að fa allskins Huggun, frid, og Glede; so að sa Dryckur og su Svolun, sem Madur sdlast med því mote, vid sijnum Þorsta, smackast þess sætara og liuflegar, sem hann hefur meira mædst, bæde hier i Heime, og lijka sijdann i því eilifa Lijfenu, i hvorju vier munum, æfenlega og oaflatanlega drecka af þessare sætu Uppsprettu, so sem þeirre er utflytur af Guds sialfs fodurlegu Hiarta. Þetta kunna þeir Vijsu og kloku i Heimenum ecke að grijpa, því þeir vita ecke neitt af þeim

Da-

Dasemdum, sem H. Ande utretter i Hiortum sinna Barna.

Gud giorer sem eirn vitur Hussader, sem er rykur af kostulegu og dijrmætu Vijne: þvi þegar það hender sig so, ad same Hussader leggur sig fyrer ad sofa, þa bregda Bornenn sier inni hans Kiallara, og drecka so miked af þvi goda Vijne, ad þau verda fordruckenn, en sem Faderenn vaknar, og stendur upp aptur, verdur hann þessvar, þar fyrer bijr sier til vond, og hyrter Bornenn hardlega med honum, so þau verda þa so sorgfull, sem þau urdu adur lystug; hann gefur þeim sijdann Vatn ad drecka, so þau kunne, med þvi mote, ad verda aptur odruckenn. Somu Adferd brukar sa almattuge Gud vid sijn utvalenn Born; hann skyckar sier lyka sem hann sofe, og lætur sijn Born drecka sitt sæta Vyn, so miked sem þau geta, og þau lyster. Enn sem hann sier þau vilia gisra of miked ad verkum, og það er þeim ecke þienanlegt, þa tekur hann fra þeim það goda Vijn, og færer þeim so stora Hrigd uppa, sem þau hofdu adur Glede mikla, uppa það þau skule þyrsta epter honum alleina, og hallda sier til hans; og ad þau kunne ad sia, hvad þau eru af sialfum sier, og hversu þau megna aldeiles ecke neitt, af sijnum eigenn Kroptum, þegar

Gud vill taka sijna Nad fra peim; Item ad pau skule verda audmiuk, og sia, ad pau eru ei so sterk, til ad lijda, fyrer Guds skuld, sem pau sialfinnbyrludu sier; og ad formerkia, ad pau, fyrer utann hans Nad kunna, jafnvel, ecke ad utstanda, eina miog litla Mædu.

Vier sianm, hvornenn ad vor Endurlausnare Herran Christur, er geingen undann oss, i Armod og Fatækt, Eymd og Forsman, allt til Dauda. Med sama hætte eigum vier og eirnenn epter honum ad ganga, og feta pann sama Veg, ef vier vilium annars med honum komast i Himeninn. Kunne GUD ecke, med odru mote, ad giora oss audmiuka, pa hlijtur hann ad lata ganga yfer oss, Spott, Smaan, og Hrellingar; so hvor Madur meige aumka sig yfer oss, uppa pad, vier verdum lijtelmotleger i vorum eigenn Augum; pviad i Kreistingum og Motlæte, lærer Madurenn ad peckia sialfann sig. Margur Madur hefur fordiarfast i pessum Heime fyrer Medlæted; og marger par pvert a mote frelsast, og orded holpner, fyrer Motlætingarnar. Kinner pu mitt Barn petta riettelega ad yfervega, pa munder pu af Hiarta gledia pig yfer pijnu Motlæte, og ecke hallda pier ofgott ad lijda fyrer Guds sa-

ker,

ker, Forsmaan og Fyrerlitning Manna, og allskins Vondsku. Niote eirn peirrar Nadar af Gude, ad hann i pessu Lijfe ma bera, fyrer hans skulld, Krossburdarens Drægt; pa er pad liost Teikn til Guds Kiærleika, og færer Mannenn ad sijnu eigenn grunne, so hann reiknar sig sialfann lakare, enn nockur annar kann hann ad virda, sa sem vill eptersilgia vorum Herra JEsu Christo, hann ma dempa og standa a moote Natturunnar fordierfudum Gyrndum.

Par finnast margar pær Manneskiur, sem giarnann vilia silgia Christo epter, enn vilia po ecke neitt med honum lijda; og pess vegna verdur peirra vilie ad silgia Christo epter ecke ad neinu. Christur matte lijda og innganga so i sijna Dyrd. Vilium vier honum eptersilgia, pa hliotum vier og so ad lijda, uppa pad vier umsijder komustum til peirrar eilijfu Vegsemdar. Ef vier vilium rykia med honum, pa hliotum vier og so med honum plagader ad vera. Han geck alla sijna daga a Krossens Vegum, og bar hann med storre Polenmæde: Vier skulum feta a epter og taka viliuglega uppa oss hans Kross og Lyding. Vier skulum med Polenmæde vg glodu Giede bera Krossen fyrer Christi skulld, fra hvori-

um hann kemur, hvort helldur Madurenn hefur hann forpienad, eda ecke forpienad, hvort helldur hann er innvortis eda utvortis. Vier siaum, ad margur hvor Madur, piotar og silger epter Heimenum viliuglega, vegna lijtelsverdrar Æru og Hrosunar, fortærer sier sialfum, og pvi sem hann hefur: Marger voga sier i framande Lond, bæde til ad heya Bardaga, og lijka ad utstanda adrar Haskasemder, einasta fyrersaker tymanlegs Abata og Frama: Skylldum vier pa ecke miklu liuflegar lijda, og strijda, til ad odlast pa eilijfu Dyrdarennar Coronu? Fyrer Hormungar og Motlæte, fa Menn umsijder Sigur og Glede.

I Krossburdenum er GUd og eirnenn nalægur, pvi GUd gefur oss sialfann sig, so vel fyrer hardar og pungar Freistingar, sem fyrer Sætleika og Vingiarnlegheit; hann hefur stærre Velpocknan a oss i Krossburdenum, enn i Medlætenu. So traudlega sem kisted kann ad vardveitast fyrer utann Sallt, so pad ecke rotne, og uldne, so traudlega kann Madurenn, fyrer utann Motgang, Kvalræde og Freistingar, ad vera Gude peckur og pægelegur: Pvi meir sem Madurenn stigur nidur i Diup peirrar rettu Audmyktar, fyrer

rer Motlæte og Hormungar, þvi framar nidursockur hann i grunn guddomlegrar Veru; þvi þa Madurenn audmyker sig rett til grunna, þa kann Gud ecke, vegna sinnar storu Giæsku ad hallda sier fra þvi, ad hann nidursockve ecke, og uthelle sialfum sier i soddañ eina audmiuka Manneskiu: Þar fyrer brukar Gud margslags Medol til ad giora Mennena audmiuka, og ad leida þa til þeirra Þeckingar, ad þeir sieu af sialfum sier ecke neitt, uppa þad. Hann kunne ad onijta, og til einkis ad giora, Mansens eigenn Þotta og Sialfræde, og koma honum til ad þiona Gudi, fyrer utann allann Motvilia. Þar fyrer hafa og eirnen marger GUds heilager, vered klemder med storum Freistingum, og hafa ecke kunnad ad verda fryer fra þeim, fyrr eñ þeir hafa gefed sig under Guds Nad, og Nadar ryka Forsion, og afneitad sier olldunges sialfum, og vered reid ubuner til ad lyda soddann Þianing, og Kross, alla þeirra lijfdaga, ef Gud hefde so viliad vera lata, og med soddann mote, hafa þeir þess fliotara, orded fra Krossenum leister. Þvi þegar þad er komed so langt fyrer einum, ad hann gefur sig alldeiles under Guds Vilia, þa hefur Gud þad feinged, er hann sokte epter hia þeim hi-

rum sama, og hefur komed honum rettilega til pess ad afneita sialfum sier; sem er eitt hid hellsta af peim Greinum, hvar fyrer Gud leggur oss uppa Kross og Motlætingar.

Ad sidustu skaltu eirnenn vita, ad eingenn kann pig ad skada, so framarlega sem pu skadar pig ecke sialfur, med pinne Reide, og Ofpolenmæde. Pu fer villt, ef pu meinar, ad eirn annar, kunne ad giora pier Skada: Sa rette Skade, kemur fra pier sialfum. Og hvada Skada kann annara Spott, Foragt, og Baktal, pier ad giora, ef pu ad eins blyfur sialfur i Gude, rosamur, polenmodur og o hræranlegur? Trudu mier, oll Veroldenn kann pier aungvann Skada ad giora, ef pu ert ad eins polenmodur, dempar pijna Reide, og gefur pig olldunges under Guds Vilia: vertu ad eins peigiande, sem hinn framlidne i Grafenne, og giart so ad, hvad oll Veroldenn kann ad megna pier a mote, pu skallt i Sannleika pad fornema, ad hun kann eckert annad ad giora pier, enn ad tilreida pier hia Gude eina Corunu og tignarlega Vegsemd.

Hvad snotrar og artugar Troppur priar hefur Polenmædenn i sier; Ein er, ad lijda Hormungarnar fyrer utann allt mogl og Motpyroa, Onnur, ad Madurenn ecke einasta ly-

de Hormungena, helldur og eirnenn hafe Gyrnd, til ad lyda hana af Elſku til Chriſtum. Su pridia og ſijdaſta Trappann er ad gledia ſig i Hormungunum; og petta er ſa ſterkaſte og megtugaſte Sigur. Vor Sigur-furſte Herrann Jeſus Chriſtur vere vegſamadur ad eilyfu Amen.

Priar Bæner

ut af

Johannis Arndts

Paradijſar Jurtagarde, med hvorium Þeſſe Prida Bok endaſt.

Fyrſta Bæn

Um Salarennar Roſeme i Chriſto.

O þu eilijfe, og einaſte Fridar-Furſte Herra JEſu Chriſte, allra truadra Salna, heilſuſamlegaſta, og hædſta Hvylld og Roſeme, þu hefur viſſulega ſagt, kommed til mijn, og munud þier Hvylld finna Salum ydur. I heimenum hafed þier Þreinging, enn i mier ſkulud þier hafa Frid. Af hvad ovtlega hefe eg leitad epter Hvijld og Roſeme i þeſſum Heime, og þeſſum tijmanlegum blu-

hlutum, enn hefe hana þo ecke funded, þviad su odaudlega Sal kann ecke ad mettast, og sa sijna Fullnægiu og Roseme, utann alleina i odaudlegum hlutum, þad er ad skilia, i þier, og med þier, O þu odaudlege Gud: hvar þu ecke ert, þar hefur Salenn aungvann Frid, eda Roseme, þvi aller tijmanleger hluter hliota ad forganga, og slitna sem Klæde; Himen og Jord hliota ad forganga og firnast, sem Fat, og þu oumskiptelege Gud munt umbreita þeim. Hvornenn skillde mijn odaudlega Sal þa finna nockra Hægd edur Ro, i þeim daudlegu umbreit anlegu og forgeingelegu hlutum? Lyka sem þu gode Gud, vor Skapare, villder i aungre Skapadre Skepnu Hvijlld hafa, nema i Mannenum, og hvildest þess vegna ecke af þijnum Verkum, fyrr enn þu hafder skapad Mannenn: So kann og ecke heldur Mansens Sal ad vera fullnægd, edur hafa sijna Roseme i nockrum odrum hlut, enn i þier alleina, O Gud; mijn Sal kann ecke ad vera sodd af odru, enn þier, ominn Gud, þu sem alleina ert allt gott: þar fyrer hungrar og þyrste, mijne Salu. epter þier, og kann ecke firr fullnægd ad verda, og hafa Hvijld og Sadning, enn hun odlast þig, og fær ad niota þijn sialfs. Þar fyrer hefur þu Herra Jesu

Chri-

Christe sagt til mijn miog huggunarsamlega. Ef nockurn fyrster kome hann til mijn, ad spala sier.

Þu ert root til Uppruna minnar Salu, þar fyrer kann hun ecke neinstadar betur ad hvijla sig enn i þier hropa þu þessvegna til minnar Salar, og seig til hennar kom mijn Dufa, mijn Dufa, kom i Biargskorurnar, þad eru þijnar Under og Sar: Þu, Herra Jesu Christe ert hella mijns Hialprædes, a hvorre mijn Sala hvijler sig. Þinn elskulege Postule Thomas kunne ecke ad finna Roseme, firr enn hann hafde lagt sijnar Hendur i þijn Sydu-Sar. Sia, þar er vor Hialprædessens kiellda, þar er vor Fridar Uppspreta, þar er Brunnur vorrar Elsku. JE. minn Herra Jesu hvad brennande er þijn Elska! hvad hrein er hun, og fyrer utann allann Fallskleika! Hvad fullkomenn, hvad ofleckud, hvad stor, hvad ha, hvad einlæg er hun af ollu Hiarta! JE. lattu mijna Salu hvijla sig i þessare þinne Elsku, i þijnu Hiarta, i hvorju eingenn Svik, edur Flærd er nockur tijma fundenn; þar hvyler hun allra best, fyrer utann Otta, i stille, og er alldeilis ohullt um sig. JE. lattu mitt Sinne og Þanka hvijla i þier, so ad eg kunne ad heira þig talande i mier vingiarnlega, þu ædste Vingiarnlegleike! Lattu mijn Auga horfa a þig, þu hædsta Fegurd

og

og Pryde, lat myn Eyru heira' til þijn, þu ædste Kiærleike, lattu minn Munn smacka a þier, þu hædste Sætleke! Æ, ad eg mætte af þier luckta þa edla Lyfsens Ilman, þu edla Paradijsar Blomstur! Lattu mijna Arma umfadma þig, i Elsku og Unad semd, þu minnar Salar elskulegaste Brudgume! so ad mitt Hiarta meige gledia sig i þier, þu mijn Hiartans Glede! so ad minn Vilie meige alleina hafa Gyrnd til þijn, med stærstu Hiartans Eptterlangan, þu sem ert einasta Gyrnd mijns Hiarta! so ad mijn Skynseme meige þeckia þig alleina, þu sem ert su eilijfa Spekenn. og ad allar mynar Gyrnder og Tilhneigingar meige lhvyla i þier O Jesu, mijn Elska, minn Fridur, minn Fognudur og Glede, tak burt ur mijnu Hiarta allt þad sem þu ert ei sialfur! þu ert minn Rijkdomur i minne Fatækt og Volæde: þu ert mitt Hros og minn Lofstyr i gegn ollum vondum Umlestre og Baktale; þu ert minn Styrkur i mijnum Veikendum og Breiskleika, þu ert mitt Lyf i mijnum Dauda. Æ! hvi skylde eg ecke hvijla i þier med hvi þu ert mier vissulega allt? þu ert mitt Rettlæte, i gegn mijnum Syndum, minn Vysdomur, i gegn minne Favitsku; mijn Helgun, i gegn mijnum Ohreinleika; mitt Frelse og Endurlausn i gegn

minne

minne Fordæmingu. Kom til mijn og stilltu mitt Hiarta, hallttu imier þitt Sabbath, og þinn Hvijlldar dag, lattu mig heira þad þu imier talar, þu eilijfa Ord Fodursens, lattu mig finna, ad þusem ert mitt Lijf, lifer i mier; lat mig fornema, hvad innelega, þu minn Kiærleike elskar mig, hvad hiartanlega þu mig huggar, endurnærer, supplyser, og gledur, mitt Traust, mijn Endurnæring, mitt Lios og mijn Glede. Og med þvi þu hefur gefed mier allt þitt Hiarta, þa lat mig og eirneñ aptur a mot gefa þier allt mitt Hiarta, Lattu mig alldeiles ganga ut fra mier sialfum, uppa þad þu meiger aptur a mot ganga inn til mijn. Hialpa þu mier til ad giora mitt Hiarta bert og naked, taust og lidugt fra heimenum, so ad þu kunner ad uppfylla mig med himneskum Gafum, O! JEsu mijn Hiartans Unun, þu heilaga Hvylld, og Roseme minnar Salar, fær mig til þinnar Roseme, i Hvijlld, og Nader eilijfrar Saluhialpar, hvar ad er Gnægd Fægnadarens, og gledelegt Lyf til þinnar hægre Hendar eilijflega. Amen.

Aunnur Ben.

Um Herrans Christi andlega Trulofun med vorum Saluth.

O hen-

O Herra JEsu Christe, þu frijdaste a medal Mannanna Barna, þu trufastaste, astudlegaste, vinsamlegaste, og allra yndeslegaste Brudgume vorra Salna, þu hefur sagt: Eg vil trulofa mig þier ad eilijfu, ja jeg vil trulofa mig þier i Rettlæte og Dome, ja eg vil trulofa mig þier i Trunne, og þu skallt þeckia Drottenn. Eg þacka þier af Hiarta, fyrer þijna grunnlausu, heitu, hiartanlegu, heilogu, og hreinu Elsku, med hvorre þu hefur alla tijma elskad mig. þu hefur bevijssad mier þijna storu Elsku, þvi ad þu ert ordenn Madur, þar þu tokst uppa þig manndomlega Natturu, þad er mannlegann Lykama og Sal, i eining þinnar Personu, og samteingder hana vid þinn eilijfa Guddom, oadskilianlega, og osunduslijtanlega ad eilijfu. Ne hvorsu huggunarsem elskuleg og astudleg Samteinging er þad, ad Gud er Madur, og Madur er Gud. Hvad kunne þo ad vera vinsamlegra, og mannliuflegra? Þar med hefur þu vottad, ad þu vilier so samteingia þig vid mig, ja, vid alla retttruada Christna Menn, og ad vier skulum verda med þier, eirn Lijkame, eitt Hollð og Bein, eirn Ande, og eitt Hiarta. Þar til hefur þu skickad þa Heilsgu Skyrn, og fyrer hana teingdt, trulofad, og bunded þig vid mig; ad hun sie mier Sattmaale godrar

Sam-

Samvitsku vid þig. Og med því þu hefur helgad þijna hreinu, og edla Manndomlegu Natturu, sem þu tokst uppa þig, so ad hun er fyrer utann Synd og Fleckun, alldeiles Eingelhrein, ja, hreinnre enn Einglanna Nattura: so hefur þu mig i þeirre H: Skyrn, og eirnenn hreinsad fyrer Vatns Baded i Ordenu, so þu tilbigger þier sialfum dyrdlegann Sofnud, sem aungva Fleckun, edur Hrucku, ellegar þesskonar hefde: helldur; ad hun sie heilog og ostraffanleg. So hreint, og fullkomlega hreint, hefur þu þveiged oss med þijnu Blode, so þar er eingenn Synda-Fleckur epter; þu hefur og so samteingt þig vid oss fyrer þinn Heilaga Anda, og samanbunded til eins Lijkama, og samteingt oss vid þig, fyrer þa Heilogu Kvolldmaltijd, fyrer heilsusamlega Nautn þijns heilage Holds og Blods, hvar med þu gefur oss allann þig sialfur, þitt Lijf, þinn Anda, þitt Hold. og Blod, ja, þinn guddomur, og manndomur er vor eigenn, allur Christur er vor Eign, og þu villt vera i oss og vier verdum i þier. Þu hefur af storre Elsku fyrer oss offrad þijnum heilaga Lijkama og Blode a Krossens Alltare. Med þui þu hefur eitt sinn feinged Elsku til vor, þa hefur þu þvilijka eina mikla, og stoduga Elsku til vor, sem sterkare er enn Daudenn, þitt

Vandlæte er so fast, sem Helvijte, þess Glædur eru brennade Glædur, og Drottens Eldur, so ad morg Votn kunna ecke ad utslockva þennan Kiærleika, nie Straumarner ad kefia hann, og þo Madur villde gefa øll Audæfe sijns Hus fyrer Kiærleikann þa gyllder þad þo eckert.

Æ, minn Vin hvad fagnande er þitt Hiarta! hvad vakande er þin Elska! þad er raust mijns Kiærasta; sia, hann kemur stockvande a Fiollunum, og stediande a Halsunum: Minn kiæraste er lijka sem Hreindijr, edur ungur Hiortur, minn vin, min elskhuge, er hvijtur og raudur, utvalenn a medal margra þusunda; hans Hofud er sem besta Gull; hans Kinnbein eru sem varande Jurta makarans Alldengardur: hans Varer eru sem Roser og Liliur, af hvorium ad drijpur rennande Myrra; hans Hendur eru lijka sem Gullhryngar, hladner med Turchose; hans Lijkame er sem skijnande Fijlsbein, pryddur med Saphir; hans Bein, sem Marmara-Stolpar, grundvallader a Fottum af besta Gulle. Æ þu allra frydaste Brudgume, upptendra þu i mier eina hiartanlega innelega og brennande Elsku, kyss þu mig med Kosse þijns Muns: endurnær þu mig med þijnum lifanda og velluctanda Blomsturs Ilm; Svala þu mier med eplum þinnar Elsku; legg þijna vinstre Hond under mitt Hofud, og

og þijn hægre Hønd fadme mig. Kom minn Unnuste i minn Alldengard, og et þijna edla Averte, set mig sem eitt Innsigle a þinn Armlegg, tak burt ur mijnu Hiarta, allt það, sem þijna Elsku kann ad hindra i mier: fra snu þu og leid mijna Sal, fra ollum skopudum Skiepnum, og fra allre Lyst og Elsku til Heimsens: gior hana nakta og bera af ollum Fardneskum hlutum, uppa það ad þu alleina kunner ad trulofe þig, og samteingia þig henne; so þu meiger alleina hafa hana, og eiga, og eingenn annar med þier.

Þu allra frydaste og ædste Kennemadur, i heilogum Skruda og Skarte, eina Jomfru hlijtur þu ad taka til eckta, sem ecke er fleckud af Heimsens Elsku, edur annarlegre; þvi lijka Sal tekur þu alla ad þier; yfer soddann eirnre Sal gledur þu þig þusundsinnum meir, enn eirn Brudgume gledst af sinne Brudur: soddann eina Salu hefur þu þusundsinnum kiærare, enn eirn Unnuste sijna Unnustu: Fyrer soddann Salu openberar þu þig, og allt þitt Hiarta, hver sa sem þig innelega, og af Hiarta elskar, fyrer þeim openberar þu þig, og það innilega af Hiarta. Æ myn Sal forgleim þu Heimenum ollum, og snu þu þier aldeiles ad þijnum Brudguma, þa mun han hafa list a þinne Fegurd; þa mun hann samteingia sig vid

þig, og þu munt þeckia Drottenn. Hann hefur gefed þier alla sijna Elsku, og þar med samteingt sig alldeiles vid þig. Enn þad þu kant ecke med ollu, ad samteingia þig vid hann, þad kemur þar af, ad þu hefur ecke gefed honum alla þijna Elsku. Æ, hvad opt geingur þesse astudlege Brudgume um krijng, þar og þar, leitande epter eirnre vinsamlegre og elskulegre Sal, sem er ofleckud Jomfru, hvorre hann kunne ad trulofa sig. Æ. hvorsu ynnelega kiæra hefur hann soddann truada Sal, ad hann vill giarnann forlata þusund Himna, og bua i soddann yndeslegre Sal, med henne tekur hann allt til þackar, Lucku og Olucku, Lijf og Dauda: hann tekur uppa sig þvilijkrar Salar Kross, og ber hann so sem være hann hans eigenn, hann lijdur med henne, erfidar, og mædest med henne, hann er sorgande med henne, hann græt ur med henne, hann leider hana i gegnum Angist og Hormung, i gegnum helvyte og Dauda med sier, og lijka sem Kross og Daude kunna ecke ad taka fra honum, hans Manndomlegu Natturu, og skilia hana vid hann: So kann ein genn Hormung, nie Angist, ecke Sverd, nie Hungur, ecke Einglar, nie Hofdingiadoma r, hvorke Hæd, nie Diup, hvorke þad Na læga nie þad Okomna, hvorke Lijf nie Da ude, ad taka þvilijka Sal fra honum, nie S ilia hana vid hann, þvi hann hefur trulofad

sig henne ad eilijfu. AE! hialpa þu Drottenn Jesu, ad vier peckium þessa dijrdlegu og himneske Trulofun, og huxum rett um þessa Konungegu eilijfu Eining, og blijfum vid þig i Elskunne eilijflega trulofader og samteingder Amen.

þridja Bæn.

Ad Madur fyrerlyte Heimenn.

O! minn allra elskulegaste HErra JESU Christe, sem ert Drottenn Dyrdarennar; þvi mun eg vesol Manneskia hafa haft so kiærann þennann auma og fafeingelega Heim? Hvad er þad sem eg hefe so heitt elskad? Eitt Blomstur sem visnar, eitt Gras sem skræst, og eirn Skugge, sem ad aungvu verdur. Þvi mun eg hafa vered so favijs, og fest mitt Hiarta vid so fanijtan hraksiæmann, og forgeingelegann Hlut? Hvar fyrer mun eg hafa vered so blindur, og lated mig so skamlega af Hiegomanum afvega leida? Þvi mun eg hafa so mikelega elskad eirn Skugga? og auked mier so mikla Þianing, fyrer saker þess sem ecke er neitt, so mikla Hrellig, so mikla Sorg og Mædu? Hvad kann þo eirn daudlegur Hlutur ad hialpa minne odaudlegre Salu? Hvar er nu oll Vegsemd Salomonis? er hun ecke sem eitt Blomstur uppvisnud? Hvar er hans Heidur, ef GUd hefur ecke heidrad hann? ad heidra GUd er Mannsens

sa riette Heidur, Sa sem mig heidrar, þann vil eg og heidra seiger Drottenn, þar fyrer, sa sem ecke heidrar GUd: hvor vill þann heidra? Heidur þessa Heims fer ecke epter neinum, helldur hlytur hann ad forganga, enn sa sem heidrar GUd, þess heidur varer ad eilijfu. Stort alit i Mannanna Augum, er eckert, þad varer stuttann tijma, enn ad vera af Gude mikels metenn, og ad ottast hann, þad varer eilijflega. Hvad hialpar stor Vegsemd i Heimenum, ef Madur hefur ecke Vegsemd hia GUde? ad vera mikels metenn af GUde, þad er einasta sa Heidurenn sem Madur ma gledia sig af; um hvorn Engellenn Gabriel sagde til Spamannsens Daniel, Þu elsku madur, þu ert GUde kiær og studlegur. Æ minn GUD lat mig alleina stunda epter þessum Heidre, so ad eg meige vera hier kiær, enn ecke epter Heimsens Vegsemd, hvar med eg verd hier ecke þeckur, helldur opeckur. Hvad kann þad ad skada Mannenn, þo hann sie foraktadur af Heimenum, ef GUd þar amote heidrar þann sama? Veittu mier þad Drottenn Jesu ad eg bere i þessu Lijfe þitt Brijxle, og þijna Forsman, so ad eg verde i odru Lijfe hlutakande þinnar Dijrdar, gef þu mier ad vyrda meir þijna Forsman, helldur enn alls Egyptalands, ja, allrar Veralldarennar Fiarsiodu og Audæfe. Hvad kann allur Veralld-

areinar Rykdomur ad hialpa mier, þegar eg a ad deya? Mun eg þa taka nokud med mier hiedann þar af? Nei, langt fiærre, þad verdur hier allt saman eptir. Lat mig þessvegna, O! sæte JEsu, bijhallda þeim eilifa Rijkdom, sem eg kann alldrei ad missa, þad er sialfum þier, þinne Nad og Miskunseme; þinne allraheilogustu Forþienustu, Syndanna Fyrirgefning, Heilogum Anda, og eilijfu Lijfe. Hitt annad sem blyfur i Heimenum, og med Heimenum, forgeingur: Er mier þad nockud til hialpar, þo eg hefde alls Heimsens Giæde? kann mig þad nockud ad skada, þo eg hafe þau ecke? A himnum er mier ætlud, su eilijfa, odaudlega, oforgeingelega, og ofleckada Arfleifd. Hvad er all Vellyst þessa Heims, og þessa daudlega Lijfs? Er hun ecke þad forbodna Trie, af hverju vier etum i oss Daudann? Er hun ecke klara Eytur? Færer hun ecke med sier Hiartans Angur, Sturlun, Kvalræde, Andvarpan, Samvitskunnar nagande Orm, Grat, og Ylfran? Seigia ecke þeir fordæmdu þessvegna i Spek: Book. Hvad hialpar oss nu vor Hoffrackt? Hvad stodar oss nu vor Drambseme? Hvad hofum vier nu af voru Rijkedæme og Metnade? þad er allt burt lided sem Skugge, og so sem Hliomur sem hia Lijdur. O Drottenn JEsu, lat mig

gle-

gledjast i þier einum, og mun minn Fognudur verda eilijfur. Lat mig einasta stunda þiñ Heidur, so verdur mijn Vegsemd eilijf? Lat mig epter aungre Audlegd leita, fyrer utann þig, og mun eg audugur verda um alla eilijfd. Lat mig hafa alla mijna Hrosun og Virding i þier, so mun mijn Vegsemd aungvann enda fa. Drottenn JEsu Christe, i þier hefe eg þusundsinnum meira Gots og Rykdom, enn eg verd adskilia vid i þessum Heime. Hvorsu miog sem eg verd af Mønnum foraktadur, þa hefe eg þo hia þier ætid meire Heidur, hvorsu sem Heimurenn hatar mig, þa umfadmar þu mig þo med meire Kiærleika. Þu ert mier sa triggvaste og stodugaste Astvinur: þo eg verde af ollum Vinum yfergefenn i Heimenum; hvorsu miklar Formælingar, og Bolvaner sem Heimuren hefur yfer mier, þa mun eg fa hia þier meire Blessann. I þier hefe eg langtum stærre Glede, enn oll su Sorg kinne ad vera, med hvorre allur Heimurenn kinne ad angra mig. I þier hefe eg allt, og þu ert mier allt og þo Lijkame minn yrde þusundsinnum deiddur, þa samt ertu Drottenn mitt Lijf. Ja, eilijft Lijf, og min eilijf Saluhialp. Amen.

(o)